

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Lagadeild HR

Grunnnám

BA í lögfræði

BA í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein

Kennsluskrá 2018-2019

Háskólinn í Reykjavík
Menntavegur 1
101 Reykjavík

Sími: 599 6200
Símbref: 599 6201

Netfang: ru@ru.is
Veffang: www.hr.is

Umbrot og prentun Svansprent
Reykjavík, febrúar 2018

Efnisyfirlit

Kennarar og aðrir starfsmenn lagadeildar.....	5
Námsleiðir	8
Reglur um prófgögn í lagadeild.....	10
BA í lögfræði - grunnnám.....	11
BA í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein - grunnnám.....	12
BA í lögfræði og BSc í viðskiptafræði - grunnnám.....	13
Forsetalisti.....	13
Fyrsta námsár – Námskeið á haustönn	14
L-000 Undirbúningsnámskeið fyrir nýnema.....	14
L-101 Aðferðafræði I- Réttarheimildir og lögskýringar	14
L-102 Stjórnskipunarréttur.....	16
L-105 Fjármunaréttur I - Samningaréttur og inngangur að skaðabótarétti og almennum hluta kröfuréttar	17
L-106 Úrlausn lögfræðilegra álitaefna.....	18
Fyrsta námsár – Námskeið á vorönn	20
L-202 Félagaréttur	20
L-205 Fjármunaréttur II - Kröfuréttur síðari hluti	21
L-401 Stjórnsýsluréttur	22
X-204 Nýsköpun og stofnun fyrirtækja	23
Annað námsár – Námskeið á haustönn	25
L-302 Einkamálaréttarfar	25
L-305 Fjármunaréttur III - Bótaréttur.....	26
L-403 Evrópuréttur	27
L-505 Fjölskyldu- og erfðaréttur	28
Annað námsár – Námskeið á vorönn	28
L-303 Samkeppnisréttur	28
L-402 Refsiréttur	29
L-406 Fjármunaréttur IV - Eignaréttur	30
L-407 Fjármunaréttur V - Raunhæft málflutningsverkefni	32
Priðja námsár – Námskeið á haustönn	34
L-501 Viðskipti með fjármálagerninga	34
L-502 Skattaréttur	35
L-503 Þjóðaréttur	36
L-304 Hugverkaréttur	37
Priðja námsár – Námskeið á vorönn	39
L-609 Aðferðafræði II: Lagakenningar	39
L-605 Sakamálaréttarfar	39
BA ritgerð og/eða valgreinar.	40
L-611 BA RITGERÐ	41
Stjórnskipulag lagadeildar Háskólans í Reykjavík	43
Reglur um BA-nám við lagadeild	47

Kennarar og aðrir starfsmenn lagadeildar

Forseti

Dr. Ragnhildur Helgadóttir 599-6282 ragnhildurh@ru.is

Skrifstofustjóri

Benedikta G. Kristjánsdóttir 599-6265 benedikta@ru.is

Verkefnastjóri

Anna Steinunn Gunnarsdóttir 599-6256 annasg@ru.is

Lektorar, dósentar og prófessorar

Dr. Bjarni M. Magnússon lektor 599-6428 bjarnim@ru.is
 Eiríkur Elís Þorláksson, LL.M., lektor 599-6446 eirikureth@ru.is
 Dr. juris Guðmundur Sigurðsson prófessor 599-6405 gudmundur@ru.is
 Dr. juris Gunnar Þór Pétursson dósent 599-6429 gunnarthor@ru.is
 Kristín Haraldsdóttir LL.M., lektor 599-6354 kristinhar@ru.is
 Margrét Einarsdóttir LL.M., lektor 599-6473 margreteinars@ru.is
 Margrét Vala Kristjánsdóttir LL.M., MPA, dósent 599-6223 margretvala@ru.is
 Svala Ólafsdóttir cand. jur., BA, MA, dósent 599-6266 svala@ru.is
 Þórdís Ingadóttir LL.M., dósent 599-6290 thi@ru.is

Sérfræðingar

dr. Andri Fannar Bergþórsson 599-6294 andrib@ru.is
 Halldóra Þorsteinsdóttir Mag.Jur, MBA 599-6558 halldorath@ru.is
 Hallgrímur Ásgeirsson MSc., LL.M. hallgrimura@ru.is
 Heimir Örn Herbertsson cand.jur. 599-6425 heimiroh@ru.is
 Kjartan Bjarni Björgvinsson LL.M. kjartanbj@ru.is
 Páll Þórhallsson DEA. pallt@ru.is
 Stefán A. Svensson LL.M. stefan@juris.is
 Þóra Hallgrímsdóttir cand. jur. 599-6415 thh@ru.is

Aðjúntar

Andri Árnason cand.jur.
 Ásdís Magnúsdóttir LL.M.
 Dögg Pálsdóttir MPH
 Jóhannes Rúnar Jóhannsson cand.jur.
 dr. Matthías G. Pálsson
 Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari
 Þórður S. Gunnarsson héraðsdómari

Gestaprófessorar

Dr. Eduardo G. Pereira

Dr. Xavier Grousot

Doktorsnemar

Heiða Björg Pálmadóttir	599-6321	heidabjorg@ru.is
Hulda Kristín Magnúsdóttir		hulda05@ru.is
Jóna Benný Kristjánsdóttir	599-6403	jonak13@ru.is

Stundakennarar

Andri Gunnarsson LL.M.	Ívar Pálsson cand.jur.
Anna K. Newton MSc	Dr. James H. Mathis prófessor
Anna Tryggvadóttir mag.jur.	Jón E. Malmquist cand.jur
Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason ML	Dr. Jón Friðrik Sigurðsson prófessor
Áslaug Árnadóttir LL.M.	Jón H. Snorrason cand.jur.
Bergþóra Ingólfssdóttir cand.jur.	Jóna Björk Helgadóttir cand. jur.
Birgir Jónasson mag. jur.	Karólína Finnbjörnsdóttir ML
Björn L. Bergsson cand.jur.	Katrín Oddsdóttir MA
Björn Porvaldsson LL.M	Kári Ólafsson mag. jur.
Dr. Davíð Þór Björgvinsson prófessor	Kjartan Ingvarsson mag.jur.
Dóra Sif Tynes LL.M	Kristín Edwald cand.jur.
Einar Baldvin Axelsson LL.M.	Kristján Vígússon MA, MBA
Elín Björg Smáradóttir cand.jur.	Dr. Magnús Kjartan Hannesson
Elín Blöndal LL.M.	Magnús Hrafn Magnússon cand.jur.
Erlendína Kristjánsdóttir M.Paed., BA	María Ellingsen, leikari
Erlendur Gíslason LL.M.	Ólafur F. Haraldsson cand.jur.
Fanney Rós Þorsteinsdóttir LL.M.	Páll Jóhannesson cand.jur.
Finnur Geir Beck ML	Ragna Bjarnadóttir LL.M.
Finnur Magnússon LL.M.	Ragnar Jónasson LL.M.
Friðrik Árni Friðriksson Hirst LL.M.	Sesselja Erla Árnadóttir cand. jur, MPA
Flóki Ásgeirsson mag. jur.	Sonja Ýr Þorbergsdóttir cand.jur.
Garðar G. Gíslason cand.jur.	Stefán Eiríksson cand. jur.
Garðar Víðir Gunnarsson LL.M.	Sverrir Haukur Gunnlaugsson cand.jur.
Dr. Gísli H. Guðjónsson prófessor	Tómas Njáll Möller cand. jur.
Guðmundur Ingvi Sigurðsson LL.M.	Viðar Lúðvíksson LL.M.
Hafliði Kristján Lárusson LL.M.	Vigdís Eva Línal mag. jur.
Helgi Magnús Gunnarsson cand.jur.	Vífill Harðarson LL.M.
Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir mag. jur.	Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ML
Hólmfríður Björk Sigurðardóttir mag. jur.	Þórunn Anna Árnadóttir mag.jur.
Hulda María Stefánsdóttir cand.jur.	Þórunn Helga Þórðardóttir LL.M.

Námsleiðir

- BA í lögfræði, þriggja ára nám (180 ECTS)
- BA í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein, þriggja ára nám (180 ECTS)
- Meistarapróf – ML í lögfræði, tveggja ára nám (120 ECTS)
- Doktorspróf í lögfræði – PhD, þriggja ára nám (180 ECTS)

Skipulag náms

Innan Háskólans í Reykjavík hefur verið lögð áhersla á verkefnatengt laganám sem miðar að því að auka virkni nemenda í námi og gera þá betur í stakk búna til að takast á við störf að námi loknu.

Raunhæf verkefni og valnámskeið

Á haustönn á fyrsta ári taka laganemar þátt í námskeiði þar sem grunnfög haustannar; aðferðafræði, fjármunaréttur I og stjórnskipunarréttur eru tengd saman í raunhæfu þriggja vikna verkefni í lok annar.

Á vorönn á fyrsta ári taka nemendur þátt í námskeiðinu Nýsköpun og stofnun fyrirtækja.

Á vorönn á öðru ári er málflutningsnámskeið sem miðar að því að þjálfar nemendur í skjalagerð, ræðumennsku og málflutningi.

Á vorönn á þriðja ári er nemendum gefinn kostur á aukinni sérhæfingu innan lögfræðinnar með fjölda valnámskeiða úr meistaranámi deildarinnar. Enn fremur geta þeir valið námskeið á öðrum fræðasviðum innan HR eða annarra háskóladeilda hér á landi.

Tveggja ára meistaranám (120 ECTS)

Skipulag námsins einkennist af miklu persónulegu vali um áherslur og námsleiðir og gefur m.a. möguleika á sérhæfingu innan lögfræðinnar og samþættingu við aðrar háskólagreinar en lögfræði. Námið byggir að verulegu leyti á sjálfstæðri vinnu nemenda undir handleiðslu færustu kennara, með mikilli áherslu á rannsóknir og verkefnavinnu.

Hægt er ljúka náminu á fjórum árum.

Mögulegt er að ljúka meistaranámi af alþjóðasviði.

Inntökuskilyrði í meistaranámið:

- BA-próf eða önnur sambærileg háskólagráða í lögfræði.
- BA-próf eða önnur sambærileg háskólagráða (t.d. BSc eða B.Ed) í annarri námsgrein en lögfræði.

Sjá sérprentaða kennsluskra fyrir meistaranám en auk þess eru allar upplýsingar á heimasíðu lagadeildar: www.lagadeild.is

Reglur um prófgögn í lagadeild

1. gr.

Umsjónarkennari námskeiðs ákveður hvort og hvaða gögn nemendum er heimilt að hafa með sér í próf.

2. gr.

Sé ekki annað ákveðið samkvæmt 1. gr. er nemendum heimilt að hafa eftirtalin gögn meðferðis í próf:

1. Gildandi lagasafn, útgefið af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.
2. A- og C-deildir Stjórnartíðinda.
3. Safn alþjóðasamninga og gerða ESB samkvæmt nánari ákvörðun kennara.
4. Útprintanir laga af Netinu sem skrá af gerðinni PDF og prentaðar í tveimur dálkum. Reglugerðir skulu vera prentaðar sem HTML skjöl af heimasíðu Stjórnartíðinda eða af réttarheimild.is. Deildin getur ákveðið að útprintanir séu stimplaðar og áritaðar af lagadeild.

3. gr.

Í gögnum sem greinir í 2. gr. eru heimilar einfaldar undirstrikanir og yfirstrikanir ásamt leiðréttingum á lagatexta. Leiðréttingar greini einvörðungu tilvísanir til númers og heitis nýrra laga. Heimilt er að merkja lagasafn með límmiðum þar sem fram kemur númer laga eða heiti laga. Óheimilt er að skrifa inn í gögn sbr. 2. gr. umfram það sem að framan greinir.

4. gr.

Um brot og viðurlög við brotum á reglum þessum er vísað í almennar náms- og námsmatsreglur HR.

BA í lögfræði - grunnám Þriggja ára nám, 180 ECTS

1. ár	1. önn	2. önn
	Aðferðafræði I - Réttarheimildir og lögskýringar 8 einingar Fjármunaréttur I – Samningaréttur og inngangur að skaðabótarétti og almennum hluta kröfuréttar 8 einingar Stjórnskipunarréttur 8 einingar Úrlausn lögfræðilegra álitaefna 6 einingar*	Félagaréttur 8 einingar Fjármunaréttur II – Kröfuréttur síðari hluti. 8 einingar Stjórnsýsluréttur 8 einingar Nýsköpun og stofnun fyrirtækja 6 einingar*
2. ár	3. önn	4. önn
	Einkamálaréttarfar 8 einingar Fjármunaréttur III – Bótaréttur 8 einingar Evrópuréttur 8 einingar Fjölskyldu- og erfðaréttur 6 einingar*	Fjármunaréttur IV – Eignaréttur 8 einingar Refsiréttur 8 einingar Samkeppnisréttur 8 einingar Fjármunaréttur V - Raunhæft máflutningsverkefni 6 einingar*
3. ár	5. önn	6. önn
	Viðskipti með fjármálagerninga 8 einingar Skattaréttur 8 einingar Þjóðaréttur 8 einingar Hugverkaréttur 6 einingar*	Aðferðafræði II - Lagakenningar 7.5 einingar Sakamálaréttarfar 7.5 einingar BA ritgerð og/eða valgreinar. Nemendum gefst kostur á að velja tvær kjörgreinar úr meistaranámi við lagadeild. Hver valgrein úr meistaranámi vegur að jafnaði 7.5 einingar. BA ritgerð vegur 15 einingar. Einnig er nemendum heimilt að velja námsgreinar innan annarra deilda HR eða annarra háskóla, í stað valgreina.

*Námskeið kennd í þriggja vikna lotu í síðasta hluta annar.

BA í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein - grunnám

Þriggja ára nám, 180 ECTS, (120 ECTS í aðalgrein og 60 ECTS í aukagrein).

Skipulag náms

Námið er þannig byggt upp að nemandi byrjar á að taka þau námskeið sem kennd eru á 1. og 2. ári í laganáminu. Þriðja árið tekur hann fög af fyrsta og öðru ári í viðskiptafræði auk námskeiðsins aðferðafræði II- lagakenningar en það er skyldunámskeið í lögfræði og kemur í stað námskeiðsins nýsköpun og stofnun fyrirtækja sem nemendur í viðskiptafræði og lögfræði taka á 1. ári.

Þeir sem ljúka meistaranámi við deildina og hafa lokið 240 ECTS í lögfræðigreinum teljast hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði og uppfylla því almenn menntunarskilyrði til að gegna störfum dómara og málflytjenda.

1. ár	1. önn lögfræði	2. önn lögfræði
	Aðferðafræði I - Réttarheimildir og lögskýringar 8 einingar Fjármunaréttur I – Samningaréttur og inngangur að skaðabótarétti og almennum hluta kröfuréttar 8 einingar Stjórnskipunarréttur 8 einingar Úrlausn lögfræðilegra álitafna 6 einingar*	Félagaréttur 8 einingar Fjármunaréttur II – Kröfuréttur síðari hluti. 8 einingar Stjórnsýsluréttur 8 einingar Nýsköpun og stofnun fyrirtækja 6 einingar*
2. ár	3. önn lögfræði	4. önn lögfræði
	Einkamálaréttarfar 8 einingar Fjármunaréttur III – Bótaréttur 8 einingar Evrópuréttur 8 einingar Fjölskyldu- og erfðaréttur 6 einingar*	Fjármunaréttur IV – Eignaréttur 8 einingar Refsiréttur 8 einingar Samkeppnisréttur 8 einingar Fjármunaréttur V - Raunhæft málflytningsverkefni 6 einingar*
3. ár	5. önn viðskiptafræði	6. önn viðskiptafræði
	Fjármál fyrirtækja 6 einingar Hagnýt stærðfræði 6 einingar Reikningshald 6 einingar Þjóðhagfræði 6 einingar Alþjóðaviðskipti 6 einingar*	Aðferðafræði II - Lagakenningar 6 einingar (LD) Hagnýt tölfræði I 6 einingar Rekstrarhagfræði I 6 einingar Stjórnun 6 einingar Stefnumótun 6 einingar*

*Námskeið kennd í þriggja vikna lotu í síðasta hluta annar.

BA í lögfræði og BSc í viðskiptafræði – grunnám.

Fjögurra ára nám, 240 ECTS, (120 ECTS í aðalgrein og 120 ECTS í aukagrein)

Skipulag náms

Nemandi sem lokið hefur BA gráðu í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein getur sótt um að bæta við sig einu ári í viðskiptafræði og útskrifast að því loknu einnig með BSc gráðu í viðskiptafræði með lögfræði sem aukagrein. Á þessu fjórða ári tekur nemandinn námskeið af 1. 2. og 3. ári í viðskiptafræði, þar á meðal BSc verkefni. Nemandi sem lokið hefur BSc gráðu í viðskiptafræði með lögfræði sem aukagrein stendur sambærilegur möguleiki til boða.

Þeir sem ljúka meistaranámi við deildina og hafa lokið 240 ECTS í lögfræðigreinum teljast hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði og uppfylla því almenn menntunarskilyrði til að gegna störfum dómara og málflytjenda.

Forsetalisti

Þeir nemendur sem ná bestum árangri í grunnámi á hverju próftímabili eiga kost á að komast á forsetalista lagadeildar og fá skólagjöld næstu annar niðurfelld.

Til þess að vera gjaldgengir á forsetalista þurfa nemendur í dagskóla að ljúka að minnsta kosti 30 ECTS. Eingöngu námskeið sem nemendur ljúka á hefðbundnu próftímabili, eða fyrir þann tíma, eru gjaldgeng á forsetalista. Í útreikningi á meðaleinkunn gilda eingöngu próf sem tekin eru í fyrsta sinn í tilteknu námskeiði, m.ö.o. endurtektarpróf gilda ekki en sjúkrapróf gilda.

Miðað er við að um 2.5% nemenda komist á forsetalista hverju sinni.

BA í lögfræði (180 einingar, 3 ár)

Undanfarar: Sjá um námsframvindu í 9. gr. reglna um BA nám

Fyrsta námsár – Námskeið á haustönn

L-000 Undirbúningsnámskeið fyrir nýnema **0 ECTS** Rafrænar réttarheimildir – Heimildavinna - Lögfræðileg röksemdafærsla - Fræðileg skrif

Ár: 1. ár

Önn: Haustönn 2018

Stig námsgreinar: Grunnám.

Tegund námskeiðs: Skylda

Skipulag: 8-10 kennslustundir í fyrstu kennsluviku og um miðja önn.

Kennarar: Guðmundur Sigurðsson, Ragnhildur Helgadóttir og Kristína Benedikz.

Lýsing: Fjallað verður um notkun rafrænna og prentaðra upplýsingamiðla í lögfræði. Sérstaklega verður fjallað um íslenskar lögfræðiupplýsingar. Áhersla verður lögð á vef Alþingis, en einnig fjallað um aðra lykilupplýsingavefi í lögfræði. Einnig verður kynnt hvernig leitað er að lagagögnum í prentuðum útgáfum Alþingis- og Stjórnartíðinda. Nemendur kynnst vefbókasafni HR og læra að leita að bókum og greinum um lögfræðileg efni í bókasafnskerfinu Leitir.is. Þá læra þeir á heimildastaðalinn OSCOLA, sem notaður er í öllu náminu. Um miðja önn verður tími í úrlausn raunhæfra verkefna og lögfræðilegri aðferðafræði lýst og nemendur fá nokkra þjálfun í beitingu hennar.

Lærdómsviðmið: Að námskeiðinu loknu eiga nemandur að:

-Þekking: Þekkja hvar þeir finna helstu heimildir sem nota þarf í lögfræði

-Leikni: Geta aflað sér lögfræðiupplýsinga í rafrænum miðlum og úr prentuðum heimildum með markvissum hætti

-Hæfni: Hafa tamið sér sjálfstæð, öguð og fagleg vinnubrögð við öflun og meðferð lögfræðiupplýsinga

Kennsluaðferðir: Verkefna- og umræðutímar.

Tungumál: Íslenska

L-101 Aðferðafræði I- Réttarheimildir og lögskýringar **8 ECTS**

Ár: 1. ár

Önn: Haustönn 2018

Stig námsgreinar: Grunnám

Tegund námskeiðs: Skyldunámskeið fyrir meistaranema með aðra grunngráðu en lögfræði.

Kennsluaðferðir: Fimm fyrirlestrar í viku, auk umræðu- og verkefnatíma.

Kennarar: Andri Árnason, Stefán A. Svensson og Friðrik Árni Friðriksson Hirst

Lýsing: Fjallað verður ítarlega um réttarheimildir og beitingu þeirra við úrlausn lögfræðilegra viðfangsefna svo og um lögskýringar. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist þekkingu á eðli og þýðingu einstakra réttarheimilda, samspili þeirra og vægi, þ.m.t. þegar leitast er við að komast að lögfræðilegum niðurstöðum í einstökum álitamálum. Að sama skapi er lögð áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á viðurkenndum aðferðum við skýringu settra laga. Stuðst er við dóma og raunhæf verkefni til skýringar á einstökum atriðum og áhersla lögð á að þjálfar með nemendum sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð. Námskeiðinu er ætlað að leggja grunn að frekara námi og rannsóknnum á sviði lögfræði.

Lærdómsviðmið:

-Þekking: Að loknu námskeiði hafi nemandi öðlast skilning og þekkingu á fræðigreinininni, m.a. eftirtöldum atriðum:

Megineinkennum íslenska réttarkerfisins.

Réttarheimildum íslensks réttar, vægi þeirra og samspili.

Markmiði lögskýringa sem og helstu kenningum, gögnum og aðferðum sem horft er til við skýringu laga.

-Leikni: Að loknu námskeiði geti nemandi beitt aðferðum og verklagi fræðigreinarinnar, m.a. við:

Heimildaöflun og leit í rafrænum gagnagrunnum á sviði lögfræði.

Lögfræðilega röksemdafærslu og uppbyggingu hennar, t.d. við úrlausn raunhæfra álitaefna.

-Hæfni: Að loknu námskeiði geti nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og/eða frekara námi, m.a. við:

Úrlausn og greiningu á lögfræðilegum álitaefnum.

Lestur og túlkun á forsendum dóma sem og öðrum úrlausnum og heimildum á sviði lögfræði.

Framhaldsnám í lögfræði.

Námsmat: Miðannarpróf 20%, tvö heimaverkefni samtals 40% og lokapróf 40%. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 6,0.

Leseefni:

Aðferðafræði – réttarheimildir og lögskýringar (fjölrit). Andri Árnason og Stefán A. Svensson.

Lögskýringar – kenningar, aðferðir og sjónarmið við skýringu og beitingu laga. Davíð Þór Björgvinsson.

Um fordæmi og valdmörk dómstóla. Jón Steinar Gunnlaugsson.

Ítarefni samanstendur m.a. af:

Um lög og lögfræði: Grundvöllur laga – réttarheimildir. Sigurður Líndal.

Túlkun lagaákvæða. Róbert R. Spanó.

Tungumál: Íslenska

L-102 Stjórnskipunarréttur**8 ECTS****Ár:** 1. ár**Önn:** Haustönn 2018**Stig námsgreinar:** Grunnám**Tegund námskeiðs:** Skylda**Skipulag:** Fyrirlestrarímar og umræðu- eða verkefnatímar um sama efni.**Kennarar:** Elín Ósk Helgadóttir**Lýsing:** Í námskeiðinu er fjallað um grundvallarhugmyndir íslensku stjórnskipunarinnar, æðstu handhafa ríkisvaldsins, störf þeirra og hlutverk og um mannréttindareglur. Ennfremur er fjallað stuttlega um tengsl stjórnskipunarréttar við aðrar fræðigreinar og siðferðilegar forsendur hans.**Lærdómsviðið:** Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemar:**-Pekking:**

- Pekki og geti lýst einkennum íslenskrar stjórnskipunar
- Pekki og geti lýst tengslum stjórnskipunarréttar við aðrar fræðigreinar og siðferðilegar

forsendur hans og geri sér grein fyrir hlutverki hans í samfélaginu

- Pekki og geti útskýrt helstu reglur um hlutverk, skipulag og starfsemi einstakra handhafa ríkisvaldsins

-Leikni:

- Geti greint frá, tengt og borið saman grundvallarhugmyndir í stjórnskipunarrétti og áhrif

þeirra

- Geti fundið, túlkað og beitt helstu reglum um mannréttindi og vernd þeirra
- Hafi hlotið nokkra þjálfun í leit að réttarheimildum, úrvinnslu þeirra og túlkun, m.a.

með fjölmörgum raunhæfum verkefnum og æfingum í minni hópum

- Hæfni

- Hafi hlotið nokkra þjálfun í leit að réttarheimildum, úrvinnslu þeirra og túlkun, m.a. með fjölmörgum raunhæfum verkefnum og æfingum í minni hópum.

Námsmat: Skilaverkefni alls 40%, miðannarpróf 20%, lokapróf 40% Nánari upplýsingar verða á vef námskeiðsins í ágústbyrjun.**Lesefni:** Bækurnar „Stjórnskipunarréttur – Undirstöður og handhafar ríkisvalds“ og „Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi“ eftir Björgu Thorarensen.**Kennsluaðferðir:** Samsett úr fyrirlestratímum og umræðu- eða verkefnatímum um sama efni.**Tungumál:** Íslenska**L-105 Fjármunaréttur I - Samningaréttur og inngangur að skaðabótarétti og almennum hluta kröfuréttar****8 ECTS****Ár:** 1. ár**Önn:** Haustönn 2018**Stig námsgreinar:** Grunnám**Tegund námskeiðs:** Skylda**Skipulag:** 4 fyrirlestrar í viku og verkefnatímar. Samtals 5 tímar í viku.**Kennarar:** Halldóra Þorsteinsdóttir og Áslaug Árnadóttir**Lýsing:**

A. Fræðigreinin fjármunaréttur og hugtakið krafa. Almenn umfjöllun um fræðigreininna fjármunarétt og umfjöllun um hugtakið krafa en fjármunaréttur byggir á því að stofnast hafi krafa sem nýtur lögverndar í skilningi kröfuréttar.

B. Stofnun kröfu. Umfjöllun um helstu stofnunarhætti krafna: 1. Kröfur á grundvelli samnings. Umfjöllun um samninga og ýmsar aðrar tegundir löggerna, þar með talið hvernig samningar geta stofnast samkvæmt lögum nr. 7/1936. Farið verður yfir reglur um loforð, ákvaðir og stofnun samninga. Einnig fellur undir þetta umfjöllun um þriðjamannslöggerna og reglur um umboð og umsýslu þar sem þær snerta sama viðfangsefni. Auk þess verður fjallað um túlkun samninga og fyllingu. Undir þeirri umfjöllun verður meðal annars farið yfir reglur um túlkun staðlaðra samningsskilmála og áhrif ýmissar löggjafar á sviði neytendaverndar á túlkunarreglur. Sérstaklega verður rætt um túlkun gjafalofrða þar sem reglur um túlkun þeirra eru að sumu leyti frábrugðnar almennum reglum. Auk þess verður fjallað um takmörk meginreglu samningaréttar um samningsfrelsi. 2. Auðgunarkröfur og ýmsir aðrir stofnunarhættir krafna.

C. Slit kröfuréttarsambands eða ógilding. Farið verður yfir ógildingarreglur samningalaga nr. 7/1936, reglur um brostnar forsendur og gerður samanburður við aðrar leiðir sem geta leitt til slita á kröfuréttarsambandi eins og riftun (sem verður farið nánar yfir í Fjármunarétti II), afpöntun, höfnun greiðslu o.fl.

D. Efni kröfuréttinda Rætt um hugtakið greiðsla í kröfuréttarsambandi og mismunandi réttindi og skyldur aðila. Umfjöllun um muninn á aðal- og aukaskyldum með sérstakri áherslu á tillits- og trúnaðarskyldur.

E. Aðilar kröfuréttarsambands. Rætt um innbyrðis stöðu fleiri skuldara og kröfuhafa að einu og sama kröfuréttarsambandinu og kröfuábyrgð.

Viðfangsefnið er yfirgripsmikið. Mun því verða leitast við að setja námsefnið fram í raunhæfum búningi, með tilvísun til dómaframkvæmdar og raunhæfra álitafna svo nemendur skilji betur þær grundvallarreglur sem verið er að fjalla um hverju sinni. Gerð verður krafa til þess að nemendur séu búnir að undirbúa sig vel fyrir tíma og séu reiðubúnir til að tjá sig munnlega um dóma og efni sem sett er fyrir hverju sinni.

Lærdómsviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að hafa til að bera eftirfarandi þekkingu, leikni og hæfni:

-Þekking: Nemendur búi yfir almennum skilningi á gildandi rétti á framangreindum sviðum fjármunaréttar og tengslum við önnur réttarsvið, þar á meðal aðra hluta fjármunaréttar. Nemendur öðlist slíka þekkingu í gegn um heildaryfirsýn yfir þær réttarreglur sem gilda um þann hluta fjármunaréttar sem námskeiðið fjallar um. Jafnframt hafi nemendur vitneskju um nýjustu þekkingu á réttarsviðinu.

-Leikni: Nemendur geti beitt aðferðum, verklagi og fræðilegri þekkingu lögfræðinnar á afmörkuðu sviði fjármunaréttar og tengt við önnur réttarsvið. Nánar tiltekið fá nemendur þjálfun í að greina fjármunaréttarleg álitafni og leysa úr þeim á grundvelli lögfræðilegrar aðferðafræði með rökstuddum og gagnrýnum hætti. Þá geti nemendur jafnframt metið áreiðanleika þeirra upplýsinga sem úrlausn álitafnanna byggir á.

-Hæfni: Nemendur geti hagnýtt þekkingu og leikni sína í fjármunarétti í starfi og/eða frekara námi. Nemendur hafi tileinkað sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð og geti tekið sjálfstæðar og faglegar ákvarðanir, bæði einir eða í samvinnu við aðra.

Námsmat: Verkefni 15%, miðannarpróf/verkefni 25% og skriflegt lokapróf 60%.

Lesefni: Kröfuréttur I, eftir Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvind Gunnarsson. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2009. Samningaréttur eftir Pál Sigurðsson. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 1986. Ýmsar tímaritsgreinar, dómur og önnur fræðirit sem vísað verður síðar til.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðu- og verkefnatímar.

Tungumál: Íslenska.

L-106-ÚRÁL, Úrlausn lögfræðilegra álitafna**6 ECTS**

Ár: 1. ár

Önn: Haustönn 2017

Stig námsgreinar: Grunnám

Tegund námskeiðs: Skylda

Skipulag: Námskeið kennt í þriggja vikna lotu í síðasta hluta annar.

Kennari: Guðmundur Sigurðsson, Andri Árnason, Áslaug Árnadóttir, Eiríkur Elís Þorláksson, Friðrik Árni Friðriksson Hirst, Katrín Oddsdóttir.

Lýsing: Námskeiðið sem er framhald af aðferðafræði, fjármunarétti I og stjórnskipunarrétti er fyrst og fremst byggt upp á úrlausnum lögfræðilegra álitafna á þeim sviðum. Í kennslustundum, sem eftir atvikum verða ein til tvær á hverjum virkum degi, verður fyrst og fremst farið í efnisatriði tengd þeim verkefnum sem til úrlausnar eru hverju sinni og farið yfir þau verkefni sem nemendur hafa skilað. Hin lögfræðilegu álitafni sem nemendum ber að leysa

úr geta ýmist verið stutt og einföld (þjálfað fyrst og fremst aðferðafræði) eða margþætt og krafist meiri rannsóknarvinnu (sem eykur þá þekkingu í efnisrétti).

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að hafa til að bera eftirfarandi þekkingu, leikni og hæfni:

-Þekking:

- Hafa dýpkað þekkingu sína á efni þessara námskeiða

- Skilji mikilvægi aðferðafræði við úrlausn verkefna á þessum réttarsviðum.

-Leikni:

- Hafa hlotið nokkra þjálfun í að leysa með rökstuddum hætti úr álitafnum á þessum sviðum

- Hafa reynslu af beitingu aðferðafræði við úrlausn lögfræðilegra álitafna.

-Hæfni: Geta aflað sér upplýsinga, metið gildi þeirra og leyst sjálfstætt úr raunhæfum viðfangsefnum á sviðum aðferðafræði, stjórnskipunar- og fjármunaréttar á grundvelli lögfræðilegrar aðferðafræði.

Námsmat: Lögð verða fyrir tíu lögfræðileg álitafni (verkefni) og ber nemendum að lágmarki að skila sjö þeirra. Ekkert lokapróf verður í námskeiðinu. Verkefni 10 skiptast þannig: 2 úr aðferðafræði, 3 úr stjórnskipunarrétti og 5 úr fjármunarétti I. Helmingur þessara verkefna eru skilgreind sem hópverkefni og helmingur einstaklingsverkefni. Þegar talað er um hópverkefni er miðað við að nemendur megi að hámarki vera 2 saman. Nemendur geta þó alltaf ákveðið að skila einir. Að hámarki mega þrjú af þeim sjö verkefnum sem hverjum nemanda ber að lágmarki að skila vera hópverkefni. Fimm bestu úrlausnir hvers nemanda gilda til einkunnar.

Lesefni: Tilkynt síðar

Kennsluaðferðir: Kennsla fer fyrst og fremst fram í formi leiðbeininga og umræða í tengslum við úrlausn lögfræðilegra álitafna. Gert er ráð fyrir virkri þátttöku nemenda í kennslustundum.

Tungumál: Íslenska

Fyrsta námsár – Námskeið á vorönn

L-202 Félagaréttur

8 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Vorönn 2019

Stig námsgreinar: Grunnám

Tegund námskeiðs: Skylda

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennari: Magnús H. Magnússon og Andri Fannar Bergþórsson

Lýsing: Um er að ræða grunnnámskeið í félagarétti. Í upphafi námskeiðs verður fjallað um viðfangsefni og réttarheimildir félagaréttar, eðli samstarfs í formi félaga og þau borin saman við önnur samvinnu- og rekstrarform. Gerð verður grein fyrir helstu félagaformum íslensks réttar, einkennum þeirra og þau borin saman. Á námskeiðinu verður sérstök áhersla lögð á hluta- og einkahlutafélög, en þessi félagaform eru algengust í íslensku viðskiptalífi. Í því sambandi verður farið yfir dæmigerð félagaréttarleg álitæfni sem á getur reynt í rekstri félaga, bæði frá fræðilegu og raunhæfu sjónarhorni. Meðal þess sem fjallað verður um verður: (i) einkenni svokallaðrar takmarkaðrar ábyrgðar hluthafa, þ.m.t. kosti og galla hennar og möguleika dómstóla á að aflétta slíkri ábyrgð („e. lifting the corporate veil“); (ii) stofnun félaga; (iii) hluti og hlutafé félags, þ.m.t. greiðslu hlutafjár, hækkun hlutafjár, eigin hluti, arðgreiðslur og lán og ábyrgðir félags vegna kaupa á hlutum; (iv) stjórnkerfi hlutafélaga, þ.m.t. stöðu stjórnar, framkvæmdastjóra og hluthafa, hveira um sig og innbyrðis; (v) stöðu (vernd) kröfuhafa félaga; (vi) minnihlutavernd; (vii) fjármögnun félaga; (viii) félagasamstæður og álitæfni þeim tengd, þ.m.t. vernd kröfuhafa; (ix) samruna, slit og skiptingu félaga; og (x) réttarúrræði aðila sem telja á sér brotið í tengslum við rekstur félags.

Lærdómsviðmið:

-Þekking: Að námskeiði loknu eiga nemendur að: Kunna skil á helstu félagaformum íslensks réttar og hafa öðlast haldgóða þekkingu á reglum um hluta- og einkahlutafélög.

-Hæfni: Við lok námskeiðs vera færir um að nýta þekkingu sína til að fjalla um og leysa úr álitæfnum á sviði félagaréttar, bæði raunhæfum og fræðilegum.

-Leikni: Við lok námskeiðs eiga nemendur að geta nýtt sér þekkingu á grunnstoðum félaga og helstu reglur þannig að það styðji við það sem framundan er í náminu sem og viðfangsefni eftir útskrif.

Námsmat: Verkefni (30%), raunhæft verkefni (10%) og skriflegt lokapróf (60%)

Lesefni: Félagaréttur. Áslaug Björgvinsdóttir og Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir. Stefán Már Stefánsson

Kennsluáferðir: Kennsla verður í formi fyrirlestra og umræðna í tímum.

Tungumál: Íslenska

L-205 Fjármunaréttur II - Kröfuréttur síðari hluti

8 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Vorönn 2019

Stig námsgreinar: Grunnám

Tegund námskeiðs: Skylda

Skipulag: 4 fyrirlestrar í viku auk umræðutíma

Kennari: Stefán A. Svensson

Lýsing: A. Efnidir kröfu / vanefndir Í þessum hluta verður fjallað um þá grundvallarreglu kröfuréttar að til þess að krafa teljist réttilega efnid þarf hún að hafa verið innt af hendi (i) á réttum tíma, (ii) á réttum stað og (iii) í réttu ásigkomulagi. Þannig verður fjallað um þær reglur sem gilda um greiðslutíma og greiðslustað. Undir þeirri umfjöllun verður vikið að hugtökunum greiðsludráttur, afhendingardráttur og viðtökudráttur. Farið verður samhlíða yfir reglur um gjaldþaga, eindaga og lausnardag krafna, reglur um heimild til gjaldfellingar kröfu og meginreglur um vexti og dráttarvexti. Að lokum verður undir þessum hluta fjallað um ásigkomulag greiðslu en undir þeirri umfjöllun verður vikið að reglum um galla, þar með talið reglum um réttarágalla. B. Vanefndaúrræði Í þessum hluta verður vikið að réttaráhrifum vanefnda og skilyrðum fyrir beitingu hinna mismunandi vanefndaúrræða sem aðilum kröfuréttarsambands eru tiltæk. Verður þannig vikið að þeim reglum sem gilda um riftun, efnidir in natura, hald á eigin greiðslu, skaðabætur og afslátt og að samningsbundnum vanefndaúrræðum. C. Lok kröfuréttinda Í þessum hluta verður fjallað um þær reglur sem gilda um lok kröfuréttinda. Verður fyrst fjallað um þær reglur sem gilda um greiðslu kröfu en undir þeirri umfjöllun verður vikið að heimild aðila til að greiða kröfu að hluta, reglum um rétt til endurgreiðslu ofgreidds fjár og reglum um geymslugreiðslu. Síðan verður vikið að reglum um fyrningu kröfuréttinda, tómlæti, vanlýsingu og skuldajöfnuð. Leitast verður við að setja námsefnið fram í raunhæfum búningi, með tilvísun til dómaframkvæmdar og raunhæfra álitæfna svo nemendur skilji betur þær grundvallarreglur sem verið er að fjalla um hverju sinni. Gerð verður krafa til þess að nemendur séu búnir að undirbúa sig vel fyrir tíma og séu reiðubúin til að tjá sig munnlega um dóma og efni sem sett er fyrir hverju sinni. D. Aðilaskipti að kröfuréttarsambandi Umfjöllun um aðilaskipti (kröfuhafaskipti og skuldarakipti) að almennum kröfum. Viðfangsefnið er yfirgripsmikið. Mun því verða leitast við að setja námsefnið fram í raunhæfum búningi, með tilvísun til dómaframkvæmdar og raunhæfra álitæfna svo nemendur skilji betur þær grundvallarreglur sem verið er að fjalla um hverju sinni. Gerð verður krafa til þess að nemendur séu búnir að undirbúa sig vel fyrir tíma og séu reiðubúin til að tjá sig munnlega um dóma og efni sem sett er fyrir hverju sinni en hluti af lokaeinkunn byggir á frammistöðu nemenda í tímum.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að: • Hafa öðlast góðan skilning á því hvað telst vera vanefnd í kröfuréttarsambandi • Kunna skil á hinum mismunandi vanefndaúrræðum sem aðilar geta gripið til vegna vanefnda. • Þekkja reglur um lok kröfuréttinda.

Námsmat: Verkefni (30%), skriflegt miðannarpróf (10%) og skriflegt lokapróf (60%)

Lesefni: Kröfuréttur I og II. Höf. Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. Kröfuréttur – þættir. Höf. Þorgeir Örlygsson og Benedikt Bogason.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar

Tungumál: Íslenska

L-401 Stjórnsýsluréttur

8 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Vorönn 2019

Stig námsgreinar: Grunnám

Tegund námskeiðs: Skylda

Skipulag: 5 fyrirlestrar /umræðutímar í viku

Kennarar: Margrét Vala Kristjánsdóttir og Anna Tryggvadóttir.

Lýsing: Í námskeiðinu verður uppbyggingu stjórnsýslukerfisins og verkefnum stjórnvalda lýst stuttlega. Fjallað verður um réttarheimildir stjórnsýsluréttarins, meginreglur hans og grundvallarhugtök. Sérstaklega verður vikið að hugtakinu stjórnvaldsákvörðun og eins að aðild að stjórnsýslumálum. Farið verður nokkuð nákvæmlega í málsmeðferðar og efnisreglur stjórnsýslulaga. Einnig verður farið í óskráðar efnisreglur stjórnsýsluréttarins, t.a.m. um það hvaða sjónarmið má leggja til grundvallar matskenndri ákvörðun. Þá verður fjallað um eftirlit með störfum stjórnsýslunnar og um endurskoðun ákvarðana. Áhersla er lögð á að tengja námsefnið við álitaefni sem komið hafa upp. Unnið verður með dóma og álit umboðsmanns Alþingis og dóma. Nemendur munu vinna verkefni þegar líða tekur á önnina.

Lærdómsviðmið:

Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að:

-Þekking: Þekkja, skilja og geta gert grein fyrir helstu hugtökum, réttarheimildum og reglum stjórnsýsluréttarins og hvernig reynt hefur á þær í framkvæmd.

-Leikni: Hafa öðlast færni í beitingu þessara reglna.

-Hæfni:

- hafa þjálfað hæfni sína til að vinna að lausn verkefna.

- geta greint álitaefni í dæmum og atvikalýsingum og leyst úr þeim með rökstuddum hætti á grundvelli stjórnsýslulaga og eftir atvikum meginreglna stjórnsýsluréttar með tilvísun til dómaframkvæmdar og/eða álit umboðsmanns Alþingis.

Lesefni: Páll Hreinsson, Stjórnsýsluréttur málsmeðferð

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna.

Námsmat: Miðannarpróf, verkefni, lokapróf

Tungumál: Íslenska

X-204 Nýsköpun og stofnun fyrirtækja

6 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Vorönn 2019

Stig námsgreinar: Grunnám

Skipulag: Fyrirlestrar og hópastarf í þrjár vikur í lok annar.

Kennarar: Hrefna Sigríður Briem og fleiri

Lærdómsviðmið: Með lærdómsviðmiðum er átt við þá þætti sem falla undir þekkingu, leikni og hæfni.

-Þekking:

- nemendur geti gert grein fyrir grunnhugtökum í nýsköpunarfræðum og þekki hugtök á borð við viðskiptamódel, viðskiptaáætlun, styrki, örfjárfestingar, viðskiptaenglar, framtaksfjárfestingar, frumkvöðlasetur
- nemendur hafi skilning á vaxtaferli fyrirtækja
- nemendur hafi skilning á nýsköpunar- og frumkvöðlaumhverfinu á Íslandi og hvaða grunnþjónusta standi til boða á mismunandi stigum eftir þörfum fyrirtækja fram að framtaksfjárfestingu
- nemendur þekki grunnþjónustuveitur á vefnum sem aðstoði frumkvöðla við framgang sinna viðskiptahugmynda

-Leikni:

- nemendur geti haldið blaðlausar kynningar um viðskiptahugmynd
- nemendur geti haldið fjárfestingakynningu um viðskiptahugmynd
- nemendur geti teiknað dæmi um vaxtaferli fyrirtækja
- nemendur skilji umfjöllun fjölmiðla um nýsköpunar- og frumkvöðlaumhverfið
- nemendur geti talað við mögulega viðskiptavini viðskiptahugmynda og fengið upplýsingar um þarfir þeirra og hvort viðskiptahugmyndin samræmist þeim þörfum eða hvort gera þurfi breytingar

-Hæfni:

- nemendur geti metið áhrif stjórnvaldsaðgerða á stuðningsumhverfi nýsköpunar og frumkvöðlaumhverfisins
- nemendur átti sig á hvaða gögn gefi upplýsingar um þróun nýsköpunar og frumkvöðlaumhverfisins
- nemendur geti túlkað umfjöllun fjölmiðla um sprotafyrirtæki
- nemendur viti hvaða lykilskjöl eru nauðsynleg til að stofna fyrirtæki á Íslandi og ykilatriði sem beri að huga að í þeim efnun.

Lýsing: Námskeiðið felur í sér að nemendur finna viðskiptahugmynd og þróa hana áfram á meðan á námskeiðinu stendur. Nemendur skila inn hugmyndamati, fá þjálfun í lyftukynningum, lokakynningum, viðtölum við viðskiptavini, sem

og að setja saman ítarlega lokaskýrslu sem er lokaafurð í námskeiðinu. Námskeiðið skiptist í þrjú meginþætti: 1. Uppbygging viðskiptahugmynda a. Hugmyndasmiðjur b. Er verið að leysa tiltekið vandamál? c. Viðskiptamódel d. Framsetning lausna 2. Framkvæmd viðskiptahugmynda og gerð frumgerðar a. Verkefnastjórnunarkerfi b. Forgangsröðun c. Mikilvægi teymis d. Gagnleg nútíma töl og tæki e. Prótótýpugerð f. Stofnun fyrirtækja á Íslandi 3. Kynning viðskiptahugmynda a. Lyftukynningar b. Glærkynningar c. Mikilvægi hönnunar d. Hvað horfa fjárfestar til? e. Rökstuðningur á viðskiptahugmynd f. Kynning á frumgerð

Lesefni: The Startup Owner's Manual: The Step-By-Step Guide for Building a Great Company, Business Model Generation og annað efni á rafrænu formi.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður, kynningar og hópavinna.

Námsmat: Jafningjamat, lyftukynningar, hugmyndaskýrsla og samskiptagildasamningur, lokakynning og lokaskýrsla.

Tungumál: Íslenska

Annað námsár – Námskeið á haustönn

L-302 Einkamálaréttarfar

8 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Haustönn 2017

Stig námsgreinar: Grunnám

Tegund námskeiðs: Skylda

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennari: Eiríkur Elís Þorláksson og Stefán Svensson

Lýsing: Fjallað verður um meginreglur einkamálaréttarfars, svo sem reglurnar um jafnræði málsaðila, munnlega málsmeðferð, opinbera málsmeðferð, milliliðalaus málsmeðferð, um forræði málsaðila á sakarefni máls og útilokunaregluna. Þá verður fjallað um uppbyggingu dómstólakerfisins á Íslandi, um héraðsdómara og almennt og sérstakt hæfi dómara. Þá verður fjallað um þær reglur sem gilda um rekstur einkamála frá útgáfu stefnu til uppkvaðningar dóms. Sérstaklega verður fjallað um stefnur og stefnubirtingu, varnarþing, aðild, fyrirsva, hlutverk lögmanna, sakarefni, kröfugerð, sönnunarfærslu, þingfestingu mála, aðalmeðferð, samningu dóma og réttaráhrif þeirra. Loks verður vikið að málsskoti til Hæstaréttar. Lögð verður rík áhersla á að skoða réttarframkvæmd á sviði einkamálaréttarfs og fjöldi dóma tekinn til skoðunar.

Lærdóm sviðið:

- **Þekking:** Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að búa yfir staðgóðri þekkingu á dómstólakerfinu og hlutverki þess og kunna góð skil á meginreglum einkamálaréttarfars. Þá eiga nemendur að kunna góð skil á þeim reglum sem gilda um störf dómara, undirbúning málshöfðunar, form og efni stefnu og greinargerðar, svo sem um aðild, kröfugerð og sakarefnið. Loks eiga nemendur að hafa mikla þekkingu á meðferð einkamáls fyrir dómstólum frá þingfestingu til dómsuppsögu og kunna góð skil á hlutverki lögmanna, réttindum þeirra og skyldum.

- **Leikni:** Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa umtalsverða leikni í að beita ákvæðum dómstólalaga og réttarfarsákvæðum við úrlausn raunverulegra álitafna á sviði einkamálaréttarfars.

- **Hæfni:** Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að búa yfir hæfni til að nýta þekkingu í einkamálaréttarfari til að móta aðild og kröfugerð í algengum tegundum einkamála og hæfni til að túlka réttarfarreglur og beita þeim við gerð málflutnings skjala og við úrlausn annarra viðfangsefna á sviði einkamálaréttarfars.

Námsmat: Úrlausn raunhæfra verkefna og gerð málflutnings skjala 50%. Skriflegt lokapróf 50%. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 5,0. Einnig þarf að ná 5,0 á skriflegu lokaprófi.

Leefni: Einkamálaréttarfar eftir Kristínu Benediktsdóttur og Markús Sigurbjörnsson, útg 2013, fræðigreinar, lög, reglugerðir og reglur á sviði einkamálaréttarfars og dómstólaskipunar og fjöldi dóma.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræðutímar, málþing með þátttöku nemenda, raunhæf verkefni og heimsóknir á dómstóla.

Tungumál: Íslenska

L-305 Fjármunaréttur III - Bótaréttur

8 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Haustönn 2018

Stig námsgreinar: Grunnám.

Tegund námskeiðs: Skylda

Skipulag: 5 tímar á viku. Fyrirlestrar og umræðu- og verkefnatímar.

Kennarar: Guðmundur Sigurðsson og Þóra Hallgrímsdóttir

Lýsing: Á námskeiðinu verður fyrst og fremst fjallað um íslenskan bótarétt þar með talið skaðabætur utan samninga. Megináherslan verður lögð á bótarétt vegna líkamstjóns en í minna mæli fjallað um bætur vegna og tjóns á munum og almenns fjártjóns. Gerð verður grein fyrir skilyrðum fyrir stofnun bótaþrófu, hverjir geti átt rétt til skaðabóta, réttarvernd og hvernig hún fellur niður. Einnig er lýst reglum um mat á umfangi tjóns og ýmsum uppgjorsreglum. Veruleg áhersla er lögð á reglur skaðabótalaga nr. 50/1993. Umfjöllunarefni námskeiðsins verður því ekki aðeins skaðabótaréttur í þrengri merkingu þess orðs heldur íslenskur bótaréttur. Þannig verður stuttlega fjallað um aðrar stoðir bótaréttarins en skaðabótarétt s.s. almannatryggingar, lífeyrissjóði og váttryggingar.

Lærdómsviðmið:

-Þekking: Við lok námskeiðs búi nemandi yfir almennum skilningi og innsæi í helstu kenningar og hugtök skaðabótaréttar og geti tengt þær við aðrar stoðir bótaréttar. Nemandi öðlast slíka þekkingu með því að skilja og þekkja grunnskilyrði bótaréttar varðandi stofnun kröfu og útreikning bóta bæði fyrir muna- og líkamstjón og annað fjártjón.

-Leikni: Við lok námskeiðs geti nemandi beitt aðferðum og verklagi lögfræðinnar á sviði skaðabótaréttar og tengt þær við aðrar stoðir bótaréttar.

Nemandi öðlast slíka leikni með því að geta greint bótaréttarleg álitæfni og leyst úr þeim með rökstuddum hætti, fá þjálfun í úrlausn raunhæfra verkefna og geta metið áreiðanleika þeirra upplýsinga sem verkefnin byggja á.

-Hæfni: Við lok námskeiðs geti nemandi hagnýtt þekkingu og leikni sína á afmörkuðum sviðum bótaréttar í starfi og/eða frekara námi.

Nemandi öðlast slíka hæfni með því að hafa tileinkað sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð bæði sjálfur og í hópum við að beita meginreglum bótaréttar í þeim tilgangi að geta stundað lögfræðistörf eða dýpkað þekkingu sína með frekara námi.

Námsmat: Hóp- og/eða einstaklingsverkefni 80%, skriflegt lokapróf 20%.

Leefni: Bótaréttur I eftir Eirík Jónsson og Viðar Má Matthíasson. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík, 2015. Frekara leefni kynnt sérstaklega.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðu- og verkefnatímar.

Tungumál: Íslenska

L-403 Evrópuréttur

8 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Haustönn 2018

Stig námsgreinar: Grunnám

Tegund námskeiðs: Skylda

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Margrét Einarsdóttir og Haukur Logi Karlsson

Lýsing: Í námskeiðinu er fjallað um uppruna og þróun Evrópusambandsins. Þá er stofnunum sambandsins, auk stofnunum EES-samningsins gerð skil. Grundvallarþáttum réttarkerfis ESB, þ.e. beinum réttaráhrifum, forgangsáhrifum Evrópuréttar og bótaábyrgð ríkisins eru gerð skil, jafnhliða sem fjallað verður ítarlega um framangreind atriði hvað EES-réttinn varðar. Í seinni hluta námskeiðsins verður farið yfir grundvallarþætti innri markaðar ESB og EES, þ.e. frjáls vöruviðskipti, frjálsa þjónustustarfsemi, frjálst flæði fólks og staðfesturétt.

Lærdómsviðmið:

-Þekking: Að námskeiði loknu eiga nemendur að búa yfir almennum skilningi og innsæi hvað varðar helstu hugtök og kenningar Evrópuréttarins og þekkja undirstöðuatriði við leit að upplýsingum á þessu sviði. Þannig eiga nemendur að hafa náð góðum tókum á grundvallarþáttum réttarkerfis Evrópusambandsins (ESB) og tileinka sér þekkingu á Samningnum um starfshætti ESB og EES-samningnum, sérstaklega að því er varðar hið s.k. fjórfrelsi. Jafnframt að skilja tengsl Evrópuréttar og íslensks réttar í gegnum EES-samninginn.

-Leikni: Við lok námskeiðs á nemandi að geta beitt aðferðum og verklagi lögfræðinnar á sviði Evrópuréttarins og geta tengt við önnur svið eftir atvikum. Nemandi öðlast slíka leikni með að því að leysa úr Evrópuréttarlegum álitæfnum með rökstuddum og gagnrýnum hætti, m.a. með raunhæfum verkefnum og verkefnavinnu.

-Hæfni: Við lok námskeiðs geti nemandi hagnýtt þekkingu og leikni sína í Evrópurétti í starfi og/eða til frekara náms. Þessa hæfni öðlast nemandinn með því að tileinka sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð, auk þess að vinna á virkan hátt í samstarfi við aðra.

Námsmat: Raunhæft verkefni 30%, önnur verkefnavinna 10%, lokapróf 60%

Leefni: Til kynnt síðar

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, málstofur og umræðutímar

Tungumál: Íslenska

L-505 Fjölskyldu- og erfðaréttur**6 ECTS****Ár:** 2. ár**Önn:** Haustönn 2018**Stig námsgreinar:** Grunnám**Tegund námskeiðs:** Skylda**Skipulag:** Námskeið kennt í þriggja vikna lotu í síðasta hluta annar.**Kennari:** Svala Ísfeld Ólafsdóttir og Dögg Pálsdóttir.

Lýsing: Meginviðfangsefni námskeiðsins eru eftirfarandi fjögur réttarsvið: Persónuréttur. Lögræðislög nr. 71/1997. Inntak og þýðing hugtakanna lögræði, sjálfræði og fjárræði. Svipting lögræðis. Nauðungarvistun. Lögráðamenn og ráðsmenn. Yfirlögráð. Hjúskaparréttur. Hjúskaparlög nr. 31/1993. Reglur um stofnun og slit hjúskapar. Réttindi og skyldur hjóna. Fjármál hjóna. Fjárslit vegna andláts eða skilnaðar. Óvígð sambúð. Réttarstaða samkynhneigðra. Barnaréttur. Barnalög nr. 76/2003. Reglur um faðerni og móðerni. Forsjá og umgengnisréttur. Framfærsluskylda með börnum. Ættleiðing. Erfðaréttur. Erfðalög nr. 8/1962. Lögerfðir og bréferfðir. Erfðaskrár. Réttur til setu í óskiptu búi. Skipti dánarbúa.

Lærdómsviðmið:

-Þekking: Að nemendur kunni skil á grundvallarreglum hjúskapar-, barna-, erfða- og persónuréttar að námskeiðinu loknu.

-Leikni: Að nemendur öðlist leikni í að afla upplýsinga og þekkingar á viðkomandi fræðasviðum og geti sett fram skoðanir sínar og niðurstöður á rökstuddan hátt.

-Hæfni: Að nemendur séu færir um að leysa úr raunhæfum úrlausnarefnum á framangreindum sviðum.

Námsmat: Verkefni og próf.**Lesefni:** Kemur fram í kennsluáætlun sem nemendur fá í upphafi námskeiðs.**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, umræður og verkefni.**Tungumál:** Íslenska**Annað námsár – Námskeið á vorönn****L-303 Samkeppnisréttur****8 ECTS****Ár:** 2. ár**Önn:** Vorönn 2019**Stig greinar:** Grunnám**Tegund námskeiðs:** Skylda**Skipulag:** 5 fyrirlestrar í viku**Kennari:** Heimir Örn Herbertsson

Lýsing: Á námskeiðinu verður farið yfir helstu ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum, og helstu reglur samkeppnisréttar Evrópusambandsins, auk þess sem gerð verður grein fyrir stefnumarkandi úrlausnum á þessu sviði, bæði íslenskum og erlendum. Farið verður yfir stjórnsýslu í samkeppnismálum og helstu efnisatriði samkeppnislaga. Meðal annars verður fjallað um bann laganna við samráði og samstilltum aðgerðum keppinauta, samkeppnishamlandi samninga eða samstarf milli fyrirtækja, bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu og reglur um samruna. Þá verður gerð grein fyrir viðurlagaákvæðum samkeppnislaga og einkaréttarlegum úrræðum vegna samkeppnislagaþrota.

Lærdómsviðmið:

-Þekking: Að námskeiði loknu eiga nemendur að búa yfir skilningi á þeim grunnhugmyndum sem liggja að baki samkeppnisreglum og meðferð samkeppnismála á Íslandi. Nemendur eiga að þekkja helstu efnisreglur gildandi samkeppnislaga auk þeirra erlendu reglna sem lögin hafa að fyrirmynd. Jafnframt eiga nemendur að þekkja ýmsar stefnumarkandi úrlausnir innlendra og erlendra samkeppnisyfirlvalda og dómstóla á þessu réttarsviði.

-Leikni: Nemendur eiga að búa yfir grunnfærni við að skilgreina markaði og meta efnahagslegan styrk fyrirtækja. Þá eiga nemendur að kunna skil á beitingu samkeppnisreglna sem lúta að samráði og samstilltum aðgerðum fyrirtækja, láréttum og lóðréttum samkeppnishömlum og misnotkun markaðsráðandi fyrirtækja á stöðu sinni sem og reglum samkeppnislaga um samrunaæftirlit. Loks eiga nemendur að kunna skil á meginsjónarmiðum varðandi beitingu samkeppnisreglna gagnvart opinberum aðilum (þó ekki reglum um ríkisaðstoð) sem og reglum um málsmeðferð samkeppnismála og viðurlögum við samkeppnislagaþrotum.

-Hæfni: Nemendur geti hagnýtt þekkingu sína og leikni innan samkeppnisréttar í starfi og/eða frekara námi. Nemendur hafi tileinkað sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð og geti tekið sjálfstæðar og faglegar ákvarðanir, bæði einir og í samvinnu við aðra.

Námsmat: Verkefni 40% og lokapróf 60%**Lesefni:** Competition Law. Richard Whish & David Bailey, 8. útgáfa, 2015**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræðutímar**Tungumál:** Íslenska**L-402 Refsiréttur****8 ECTS****Ár:** 2. ár**Önn:** Vorönn 2019**Stig námsgreinar:** Grunnám**Tegund námskeiðs:** Skylda**Skipulag:** 5 fyrirlestrar í viku**Kennarar:** Hulda María Stefánsdóttir og Alda Hrönn Jóhannsdóttir

Lærdómsviðmið:

-Þekking: Að námskeiði loknu eiga nemendur að: • Hafa öðlast haldgóða þekkingu og skilning á grunnhugtökum, meginreglum refsiréttar og fengið innsýn í einstakar brotategundir. Eftirfarandi þættir verða kenndir: Hugtakið refsiréttur og staða hans í fræðikerfi lögfræðinnar. Grundvallarhugtök refsiréttar. Almenn hegningarlög og sérrefsilög. Hugtökin afbrot og refsing. Flokkun afbrota. Tilraun til brota og afturhvarf. Hlutdeild í afbrotum og samverknaður. Refsiheimildir og refsinnæmi verknaðar. Skýring refsilaga. Sakhæfi. Saknæmi. Ásetningur og gáleysi. Ólögætti og hlutrænar refsileysisástæður. Refsingar og refsikennd viðurlög. Varnaðaráhrif refsinga. Refsivist og refsivistarstofnanir. Öryggisgæsla og önnur skyld úrræði. Ákvörðun refsingar. Ítrekun. Lok refsíabyrgðar og brottfall viðurlaga.

-Leikni: Við útskrift eiga nemendur að:

- vera undir það búnir að starfa á þessu sviði lögfræðinnar
- vera undirbúnir fyrir frekara nám á sviði refsiréttar
- vera færir um að heimfæra refsiverða háttsemi undir viðeigandi refsíákvæði og beita reglum um ákvörðun refsingar.

-Hæfni: Að loknu námskeiði eiga nemendur að geta leyst raunhæf verkefni á sviði refsiréttar og unnið sjálfstætt og skipulega við lausn ágreiningsefna tengdum refsirétti.

Lesefni: Afbrot og refsíabyrgð I, II og III. Jónatan Þórmundsson.

Kennsluáðferðir: Kennslan er í formi fyrirlestra kennara og umræðutíma, þar sem fjallað er um afmörkuð atriði. Í refsirétti eru fimm kennslustundir á viku. Þær skiptast á milli fyrirlestra kennara sem byggðir eru á ofangreindu námsefni og æfinga sem lagðar eru fyrir nemendur með raunhæfum verkefnum og umræðum í þeim tilgangi að auka og dýpka skilning þeirra á efninu. Dómar verða jafnframt mikið til umfjöllunar í tengslum við námsefnið hverju sinni. Leitast er við að taka fyrir viðfangsefni sem eru ofarlega á baugi í fjölmiðlaumfjöllun og fræðilegri umræðu á hverjum tíma og þau sett í samhengi við námsefnið. Sérfræðingar á mismunandi sviðum refsiréttar koma í tíma og lýsa viðfangsefnum sínum og sérkennum þeirra. Áhersla er lögð á umfjöllun um dóma í kennslunni og þeir notaðir til að skýra og dýpka skilning nemenda á efninu.

Námsmat: Verkefni 40% og skriflegt lokapróf 60%.

Tungumál: Íslenska

L-406 Fjármunaréttur IV - Eignaréttur**8 ECTS**

Ár: 2. ár

Önn: Vorönn 2019

Stig námsgreinar: Grunnám

Tegund námskeiðs: Skylda

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Kristín Haraldsdóttir og Ólafur F. Haraldsson

Lýsing: Fræðigreinin eignaréttur er hluti fjármunaréttar, sem nær m.a. einnig yfir kröfurétt, samninga- og kauparétt og skaðabótarétt. Á þessu námskeiði verður einkum fjallað um þær grundvallarreglur eignaréttar sem gilda um réttindi yfir fasteignum og lausafé. Áhersla er lögð á fasteignaréttindi.

Á námskeiðinu eru megin hugtök á réttarsviðinu skýrð og farið yfir grundvallarreglur eignaréttar er snerta inntak eignaréttinda, stofnun, yfirfærslu og lok þeirra og vernd að lögum. Þá er fjallað um stjórnskipulega vernd þeirra og vernd eignaréttar samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu. Helstu efnisatriði eru eftirfarandi:

- Eignarhugtakið og skilgreining eignaréttar.
- Flokkun eignaréttinda. Fjallað er um skiptingu eignaréttinda í bein og óbein eignaréttindi og einstök óbein eignaréttindi skýrð sérstaklega.
- Stofnun eignaréttar og eignarheimildir. Fjallað er um ólíka stofnhætti og álitaefni sem rísa í sambandi við yfirfærslu eignaréttar. Einnig er sérstök umfjöllun um álitaefni tengd hefð.
- Þinglýsing. Fjallað er um framkvæmd þinglýsingar, skilyrði þinglýsingar og þýðingu. Þá reynir á einstök álitaefni um þýðingu og áhrif þinglýsingar og mistök við þinglýsingar.
- Fasteignir. Fjallað er um hugtakið fasteign, flokkun fasteigna og skráningu og reglur um skiptingu og mörk fasteigna og skiptingu lands í eignarlönd og þjóðlendur. Fjallað er um eignarráð fasteignareiganda og í því sambandi lögð áhersla á takmarkanir á eignarráðum fasteignareiganda vegna reglna opinbers réttar á sviði auðlinda-, umhverfis- og skipulagslöggjafar og takmarkanir vegna réttinda annarra fasteignareigenda. Leyst er úr álitaefnum þar sem reynir á reglur nábýlisréttar og svo lögfestar reglur, s.s. á sviði skipulagslöggjafar og fjöleignarhúsálaga.
- Fjallað er um ólík eignarform og þá einkum sérstaka sameign.
- Stjórnskipuleg vernd eignaréttar og vernd eignaréttar skv. Mannréttindasáttmála Evrópu.
- Eignarnám og framkvæmd þess.
- Veðréttur. Fjallað er um hugtakið veðréttindi og grunnreglur um stofnun veðréttinda, með aðaláherslu á stofnun samningsveðs og inntak þeirra réttarreglna sem um það gilda. Einnig er farið yfir afmörkun samningsveðs, sérreglur um ákveðnar tegundir veðs og lok samningsveðs.

Lærdómsviðmið:

-Þekking: Að námskeiði loknu eiga nemendur að hafa öðlast næga þekkingu til að geta:

- lýst viðfangsefnum eignaréttar og útskýrt samband eignaréttar og annarra sviða fjármunaréttar.
- Skilgreint og útskýrt helstu hugtök réttarsviðsins.

- Gert grein fyrir og útskýrt inntak helstu reglna réttarsviðsins með tilvísun til viðeigandi réttarheimilda og lögskýringargagna.
- Gert grein fyrir og borið saman helstu kenningar fræðamanna er snerta það efni sem farið er yfir.

-Leikni: Þá skulu nemendur hafa öðlast hæfni til að geta:

- Afmarkað álitafni af eignarréttarlegum toga og tengjast helstu efnisatriðum námskeiðsins.
- Greint slík álitafni og útskýrt helstu lagarök sem koma til greina við úrlausn þess.
- Rökstutt munnlega og skriflega úrlausn þeirra á grundvelli viðeigandi lögskýringarsjónarmiða og með vísan til viðeigandi réttarheimilda og lögskýringargagna.

-Hæfni:

- Nemendur geti hagnýtt sér þekkingu sína og leikni innan eignaréttar í starfi og/eða frekara námi.
- Nemendur hafi tileinkað sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð og geti tekið sjálfstæðar og faglegar ákvarðanir, bæði einir og í samvinnu við aðra.

Námsmat: verkefni 40% og lokapróf 60%

Lesefni: Kaflar úr eignarétti I. Þorgeir Örlygsson, 1998. Veðréttur. Þorgeir Örlygsson, Codex 2002. Þinglýsingarlög: skýringarrit. Eyvindur G. Gunnarsson og Þorgeir Örlygsson, Codex 2011. Valdir kaflar úr öðrum fræðiritum og tímaritsgreinar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkefna- og umræðutímar. Nemendum er eftir atvikum skipað í les- og vinnuhópa og er gert ráð fyrir virkri þátttöku nemenda.

Tungumál: Íslenska

L-407 Fjármunaréttur V -

Raunhæft málflytningaverkefni

6 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Vorönn 2019

Stig námsgreinar: Grunnám

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: L-105-FJA1, Fjármunaréttur I - Samninga-, skaðabóta-, og kröfuréttur I

L-205-FJA2, Fjármunaréttur II - Kröfuréttur II

L-305-FJA3, Fjármunaréttur III - Bótaréttur

L-406-FJA4, Fjármunaréttur IV - Eignaréttur

Skipulag: Námskeið kennt í þriggja vikna lotu í síðasta hluta annar

Kennari: Heimir Örn Herbertsson og Kristín Haraldsdóttir

Lýsing: Í upphafi námskeiðsins er lögð fram atvikaþýsing um lögfræðilegt ágreiningsefni á sviði fjármunaréttar. Nemendum er skipt í málflytningshópa sem ýmist er ætlað að undirbúa og flytja einkamál um ágreininginn fyrir stefnendur eða stefndu. Nemendur semja ýmist stefnu eða greinargerð, þingfesta málið og fylgja því eftir fram að aðalmeðferð. Nemendur undirbúa málflytning og flytja málið munnlega. Nemendur í einum málflytningshópi eru síðan dómáramar í öðrum hópi og semja og kveða upp dóm í því máli. Samhliða skjalagerð og undirbúningi málflytninga sækja nemendur fyrirlestra um einkamálaréttarfar, samningsgerð, um gerð stefnu og greinargerðar, undirbúningi málflytninga, málflytninginn sjálfan og um dómasamningu. Þá fá nemendur sérstaka þjálfun í að tjá sig munnlega um lögfræðileg efni.

Lærdómsviðmið:

-Þekking: Að námskeiði loknu eiga nemendur að hafa þekkingu á undirstöðuatriðum, ræðumennsku og málflytningi, sem og stjórn þinghaldar.

-Leikni: Nemendur hafa öðlast leikni í gerð málflytningsskjala og þjálfast í rekstri dómsmáls, undirbúningi málflytninga og í munnlegum flytningi einkamáls. Við lok námskeiðs hafi nemendur einnig öðlast innsýn í samningu dóms.

-Hæfni: Síðast en ekki síst öðlist nemendur hæfni til að hagnýta ofangreinda þekkingu sína í starfi og / eða frekara námi. Hæfni á þessu sviði öðlast nemendur með því að ástunda sjálfstæð vinnubrögð í námskeiðinu, en jafnframt með óeigingjörnu framlagi til þeirrar hópavinnu sem fram fer.

Námsmat: Frammistaða í skjalagerð (50%), málflytningi (25%) og samningu dómsúrlausnar (25%).

Lesefni: Samkvæmt ábendingum kennara.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnavinna í hópum, málflytningaþjálfun og æfingar.

Tungumál: Íslenska

Priðja námsár – Námskeið á haustönn

L-501 Viðskipti með fjármálagerninga

8 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Haustönn 2018

Stig námsgreinar: Grunnám

Tegund námskeiðs: Skylda

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennari: Andri Fannar Bergþórsson

Lýsing: Fjármagnsmarkaðsréttur (e. capital market law), sem hefur einnig verið nefndur verðbréfamarkaðsréttur og viðskipti með fjármálagerninga, fjallar með heildstæðum hætti um þær reglur sem gilda um viðskipti með fjármálagerninga á fjármagnsmörkuðum. Réttarsviðið hefur tekið miklum breytingum á síðastliðnum árum, en stærsti hluti þessara breytinga er tilkominn vegna innleiðinga Íslands á regluverki frá Evrópusambandinu í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Auk þess liggur fyrir að töluverða breytinga er að vænta með innleiðingu á nýju regluverki frá Evrópusambandinu árið 2018 og 2019. Þróunin hefur gert það að verkum að nauðsynlegt er að þekkja ekki einungis innlendu reglurnar heldur einnig Evrópulöggjöfina sem liggur til grundvallar og hugmyndafræðinni að baki reglunum. Í því felst einnig að öðlast þekkingu og hæfni í að leita að réttarheimildum í gagnagrunnum á Íslandi og hjá Evrópusambandinu og EFTA.

Meginumfjöllunarefni námskeiðsins er eftirfarandi:

- Grunnþættir fjármagnsmarkaðsréttar: Hvað eru fjármagnsmarkaðir? Þróun löggjafar á sviði fjármagnsmarkaðsréttar – áhrif Evrópuréttar. Eftirlit með fjármagnsmarkaðinum (ESMA – ESA – FME).
- Heimild til verðbréfiðskipta og fjárfestavernd: Leyfisskyld starfsemi. Fjárfestavernd og viðskiptahættir fjármálafyrirtækja. Fjárfestingarráðgjöf.
- Viðskipti með fjármálagerninga: Hugtakið fjármálagerningur. Viðskiptavettvangur. Skráning á markað og almenn útboð. Reglur sem gilda um viðskiptin sjálf – gagnsæi í viðskiptum, viðskiptavakt og skortsala.
- Leikreglur á markaði: Markaðssvik (innherjasvik og markaðsmisnotkun). Upplýsingaskylda. Yfirtaka.
- Viðurlög við brotum á fjármagnsmarkaði: Stjórnvaldssektir. Sektir og fangelsi.

Lærdómsviðmið:

-Þekking: Við lok námskeiðsins búi nemandi yfir almennum skilningi og þekkingu á helstu réttarreglum og fræðilegum viðfangsefnum fjármagnsmarkaðsréttar. Nemandi á að þekkja merkingu hugtakanna fjármálagerningur og verðbréf og hvernig þessi hugtök eru notuð í íslenskum lögum. Nemandi á að skilja hvernig fjármagnsmarkaðurinn virkar og hvaða hlutverk viðskipti með fjármálagerninga hafa á þeim markaði. Nemandi á að þekkja helstu stofnanir og aðila á

fjármagnsmarkaði og skilja hlutverk þeirra. Nemandi á jafnframt að þekkja þær reglur sem gilda um viðskipti með fjármálagerninga á fjármagnsmarkaði og tengsl þeirra við aðra löggjöf.

-Leikni: Við lok námskeiðsins geti nemandi beitt aðferðum og verklagi lögfræðinnar á sviði fjármagnsmarkaðsréttar, tileinkað sér viðeigandi vinnubrögð og geti skilið og tekist á við viðfangsefni á því sviði. Nemandi á að vera fær um að leysa úr raunhæfum álitaefnum sem reynir á í tengslum við verðbréfiðskipti og samskipti fjárfesta við fjármálafyrirtæki og eftirlitsaðila.

-Hæfni: Við lok námskeiðs geti nemandi hagnýtt þekkingu og leikni sína í fjármagnsmarkaðsrétti í starfi og/eða frekara námi. Nemandi hafi hafi þróað með sér hæfni og sjálfstæð vinnubrögð fyrir frekara nám innan réttarsviðsins. Nemandi geti unnið sjálfstætt og skipulega, sett sér markmið, tekið virkan þátt í samstarfi og túlkað og kynnt fræðileg atriði og rannsóknarniðurstöður á þessu sviði.

Námsmat: Verkefni (40%) og lokapróf (60%).

Lesefni: Viðskipti með fjármálagerninga (2009) og Markaðssvik (2017) eftir Aðalstein E. Jónasson.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður, hópavinna og raunhæf verkefni.

Tungumál: Íslenska.

L-502 Skattaréttur

8 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Haustönn 2018

Stig námsgreinar: Grunnám

Tegund námskeiðs: Skylda

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Páll Jóhannesson

Lýsing: Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um hugtakið skattur, skilsmun á sköttum og þjónustugjöldum, réttarheimildir í skattarétti, skatta og stjórnarskrá, lögskýringar í skattarétti, hugtökin skattafyrirhyggju og skattasniðgöngu, skattastjórnsýsluna, málsmeðferðarreglur í skattarétti, skattskylda aðila, skattlagningu mismunandi félagsforma, einstaklinga í atvinnurekstri, breytingu á rekstrarformum, hugtökin atvinnurekstur og gerviverktöku, skattlagningu einstaklinga, skattlagningu lögaðila, atvinnurekstrartekjur, frádrátt frá atvinnurekstrartekjum, fyrningu og niðurfærslu eigna, samsköttun, samruna og skiptingu félaga, skattlagningu söluhagnaðar, fjármagnstekjuskatt, virðisaukaskatt. Einnig verður fjallað um takmarkaða og ótakmarkaða skattskyldu, og alþjóðlegur skattaréttur verður kynntur fyrir nemendum.

Lærdómsviðmið:

-Þekking: Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

Hafa öðlast dýpri þekkingu á gildissviði skattalaga, reglugerða og lögskýringargagna og fengið þjálfun í að beita skattalögum hvort sem er útfra sjónarhorni lögmennsku, á sviði stjórnsýslunnar, við skattaráðgjöf eða í tengslum við aðra hagsmunagæslu.

-Leikni: Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- geta gert sér grein fyrir sérstakri stöðu skattareglna gagnvart stjórnarskrá lýðveldisins Íslands;
- geta gert sér grein fyrir hinum mikilvægu málsmeðferðarreglum skattalaga og hlutverki hvers stjórnvalds innan skattastjórnsýslunnar;
- geta gert grein fyrir meginreglum skattaréttar og þeim aðferðum sem viðurkenndar eru við túlkun á skattalögum;
- geta beitt skattalögum og reglum við úrlausn raunhæfra verkefna vegna skattlagningar einstaklinga og lögaðila;
- geti greint álitæfni um einstök viðfangsefni námskeiðsins, rætt um þau af skilningi og tekið rökstudda afstöðu.

-Hæfni: Að námskeiði loknu eiga nemendur að: Vera færir um að nota námsefni sem grundvöll sjálfstæðrar umfjöllunar um efni sem vekur sérstaka athygli þeirra eða áhuga.

Námsmat: Verkefni 50% og lokapróf 50% .

Lesefni: Ýmsar greinar og samantekið efni frá kennara.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar

Tungumál: Íslenska

L-503 Þjóðaréttur

8 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Haustönn 2018

Stig námsgreinar: Grunnám

Tegund námskeiðs: Skylda

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennari: Bjarni Már Magnússon

Lýsing: Í námskeiðinu er fjallað um grunnatriði þjóðaréttar, m.a. réttarheimildir, tengsl þjóðaréttar og landsréttar, þjóðréttaraðila, gerð og túlkun þjóðréttarsamninga, beitingu vopnvalds og ábyrgð ríkja. Þá er fjallað um úrlausn deilumála og lögsögu alþjóðadómstóla. Í seinni hluta námskeiðsins verður farið yfir grunnreglur valinna sérsviða innan þjóðaréttar t.d. beitingu vopnvalds, hafréttar og alþjóðaviðskipta.

Námsmarkmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að hafa öðlast tiltekna þekkingu, hæfni og leikni:

-Þekking: Eftir að hafa setið námskeiðið eiga nemendur að hafa öðlast þekkingu á grunnreglum þjóðaréttar, s.s. réttarheimildum hans og túlkunarsjónarmið. Þeir eiga að þekkja mismunandi eðli þjóðaréttar og landsréttar og vita hver tengsl

þessara réttarsviða eru. Auk þess eiga þeir að hafa þekkingu á reglum um úrlausn deilumála í þjóðarétti, einkum og sér í lagi um alþjóðlega dómstóla og lögsögu þeirra. Auk þess eiga nemendur að þekkja grunnreglur og sjónarmið valinna sérsviða þjóðaréttar.

-Hæfni: Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta beitt þjóðarétti á alþjóðleg málefni. Þetta felur m.a. í sér að nemendur geti fundið, túlkað og beitt frumréttarheimildum þjóðaréttar. Þar að auki eiga nemendur að geta beitt reglum þjóðaréttar þegar þeir vinna að verkefnum með alþjóðlegri vídd.

-Leikni: Að námskeiði loknu eiga nemendur að hafa þekkingu og hæfni til að beita þjóðarétti og getu til að nema hann frekar. Þetta felur í sér að nemendur hafi (1) þróað leikni og sjálfstæði til frekara náms í þjóðarétti; (2) getu til að vinna sjálfstætt og skipulega að verkefnum á sviði þjóðaréttar; og (3) getu til að túlka, skýra og kynna þjóðréttarleg álitæfni.

Námsmat: 30% hópverkefni, 30% ritgerð og 40% lokapróf.

Lesefni: Jan Klabbers, International Law (Cambridge University Press, 2013) auk annars lesefnis sem umsjónarkennari útvegar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður, hópavinna og þjóðréttarlottóið.

Tungumál: Íslenska

L-304 Hugverkaréttur

6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Haustönn 2018

Stig námsgreinar: Grunnám

Tegund námskeiðs: Skylda

Skipulag: Námskeið kennt í þriggja vikna lotu í síðasta hluta annar.

Kennarar: Ásdís Magnúsdóttir og Ragnar Jónasson

Lýsing: Fyrst verður farið yfir grunnhugmyndir hugverkaréttinda og hvernig uppbyggingu réttarreglna á þessu sviði lögfræðinnar er háttað. Því næst verður farið yfir einstakar greinar hugverkaréttinda og helstu reglur og hugtök á hverju sviði fyrir sig. Farið verður yfir höfundarrétt að bókmenntaverkum eða listverkum, sbr. lög nr. 73/1972 með síðari breytingum, þá verður fjallað um einkaleyfi á uppfinningum, sbr. lög nr. 17/1991 með síðari breytingum og að lokum vörumerkjarétt, sbr. lög nr. 45/1997 með síðari breytingum. Fjallað verður um þær reglur sem gilda um stofnun, gildistíma, vernd og meðferð þessara eignaréttinda. Einnig verður fjallað um alþjóðasamvinnu á þessum sviðum eftir því sem við á.

Lærdómsviðmið:

-Leikni: Í lok námskeiðs eiga nemendur að hafa öðlast nægilega leikni til að beita þeim reglum sem gilda hér á landi á sviði einkaleyfaréttar, vörumerkjaréttar og höfundaréttar í tengslum við raunhæf verkefni á viðkomandi sviði.

-Þekking: Þá eiga nemendur að hafa öðlast þá þekkingu að þeir hafi grunnskilning á markmiði þessa réttarsviðs og þýðingu þess fyrir atvinnulífið.

-Hæfni: Stefnt er að því að nemendur muni í námskeiðinu öðlast hæfni til að aðstoða einstaklinga og fyrirtæki í tengslum við hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, öflun og beitingu þeirra réttinda.

Námsmat: Námskeiðið byggist upp á verkefnum annars vegar og styttri prófum hins vegar sem verða lögð fyrir jafnt og þétt. Kennarar áskilja sér rétt til að útfæra nánar hvernig námsmatinu verður skipt upp en hver þáttur námsmats mun að hámarki gilda 40%. Nánari útfærsla mun liggja fyrir við upphaf kennslu.

Lesefni: Immaterialret, Jens Schovsbo & Morten Rosenmeier, 5. útgáfa, 2018. Höfundaréttur, Páll Sigurðsson, 1994.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkefni.

Tungumál: Íslenska

Priðja námsár – Námskeið á vorönn

L-609 Aðferðafræði II: Lagakenningar

7.5 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2019

Stig námsgreinar: Grunnám

Tegund námskeiðs: Skylda

Skipulag: 4 tímar í viku, fyrirlestrar, verkefna- og umræðutímar

Kennari: Arnar Þór Jónsson

Lýsing: Í þessu námskeiði er þráðurinn tekinn upp frá aðferðafræðinni á fyrsta ári. Fjallað er um grunnspurningar í réttarheimspeki og þær tengdar við aðferðafræðina, sem namar hafa þegar lært.

Lærdóm sviðið:

-Þekking: Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa grundvallarþekkingu á helstu lagakenningum.

-Leikni: Nemendur eiga að hafa hlotið nokkra þjálfun í lestri lagakenninga og leikni í umræðu um grundvallarspurningar svo sem um tengsl laga og siðferðis, auk þess að geta gert grein fyrir lögum / einstökum réttarreglum út frá þeim kenningum sem ræddar verða, til að mynda kenningum um réttlæti;

-Hæfni: Nemendur öðlast hæfni í að miðla þekkingu sinni og gera grein fyrir einstökum álitaefnum bæði skriflega og munnlega, á skýru máli, á skiljanlegan hátt og í réttu samhengi. Námskeiðið leggur grunn á þessu sviði sem nýtist nemendum í frekara námi og í starfi.

Námsmat: Ritgerð 30%, framsaga 20%, þátttökueinkunn 10% og munnlegt próf 40%.

Lesefni: Understanding Jurisprudence: An Introduction to Legal Theory. Raymond Wacks, Oxford 2012. Annað lesefni skv. nánari tilvísun kennara.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnavinna og umræðutímar.

Tungumál: Íslenska

L-605 Sakamálaréttarfar

7.5 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2019

Stig námsgreinar: Grunnám

Tegund námskeiðs: Skylda

Skipulag: 4 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Halldóra Þorsteinsdóttir og Karólína Finnbjörnsdóttir

Lýsing: Fjallað verður um skipan ákærvalds og meðferð þess, meginreglur sakamálaréttarfars, rannsókn sakamála og skilyrði þvingunarráðstafana. Þá verður fjallað um útgáfu ákæru, störf sækjenda og réttarstöðu sakbornings og verjanda sem og brotþola og réttargæslumanns. Jafnframt verður farið

yfir málsmeðferð fyrir dómi, sönnunargögn, sönnunarmat og samningu dóms. Þá verður fjallað um málskot til Hæstaréttar. Einnig verður fjallað um tengsl sakamálaréttarfars og mannréttindaverndar. Lögð verður rík áhersla á að skoða réttarframkvæmd á sviði sakamálaréttarfars og fjöldi dóma tekinn til skoðunar.

Lærdómsviðmið:

-Þekking: Að námskeiði loknu eiga nemendur að hafa öðlast trausta þekkingu á meginreglum sakamálaréttarfars og þeim reglum öðrum sem gilda við rannsókn sakamála, þ. á m. þvingunarráðstöfunum í þágu meðferðar sakamáls, meðferð ákærvalds og meðferð sakamála fyrir dómi. Jafnframt eiga nemendur að hafa öðlast staðgóða þekkingu á réttarstöðu sakborninga og brotþola og hlutverki og verkefnum lögreglu, ákærvalds, dómara, verjenda og réttargæslumanna við meðferð sakamála frá upphafi rannsóknar til dómshættu.

-Leikni: Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa umtalsverða leikni í að beita réttarfarsákvæðum við úrlausn raunverulegra álitaefna á sviði sakamálaréttarfars.

-Hæfni: Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að búa yfir hæfni til að nýta þekkingu í sakamálaréttarfari til að rita ákæru í algengri tegund sakamála og til að túlka og beita reglum sakamálaréttarfars við úrlausn annarra viðfangsefna á umræddu sviði.

Námsmat: Ritgerð 20%, raunhæft hópverkefni 30% og skriflegt lokaprófi 50%. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 5,0. Einnig þarf að ná 5,0 á skriflegu lokaprófi.

Lesefni: Sakamálaréttarfar - Rannsókn, þvingunarráðstafanir. Eiríkur Tómasson, Bókaútgáfan Codex, 2012. Meginreglur sakamálaréttarfars og Réttarstaða sakborninga og verjenda. Eiríkur Tómasson, Úlfjótur, 2012. Lög um meðferð sakamála ásamt greinargerð. Inniheldur lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála ásamt greinargerð með lögnum. Bókaútgáfan Codex og dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2009. Ýmsar fræðigreinar.

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar, raunhæf verkefni og umræður um dóma og önnur afmörkuð viðfangsefni svo og heimsóknir til lögreglu og dómstóla.

Tungumál: Íslenska.

BA ritgerð og/eða valgreinar.

Nemendum gefst kostur á að velja tvær kjörgreinar úr meistaranámi við lagadeild. Hver valgrein úr meistaranámi vegur að jafnaði 7.5 einingar. BA ritgerð vegur 15 einingar. Einnig er nemendum heimilt að velja námsgreinar innan annarra deilda HR eða annarra háskóla, í stað ofangreindra valgreina.

L-611 BA RITGERÐ

15 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2019

Stig námsgreinar: Grunnám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Skipulag: Haldið verður námskeið um ritun ritgerða í upphafi annar. Skyldumæting er á námskeiðið. Sjá frekari upplýsingar í tímaáætlun BA ritgerða. Einnig ber nemendum að kynna ritgerðarefni sitt í lok annar.

Leiðbeinendur: Ýmsir

Lýsing: Sérstakt BA-verkefni getur komið í stað tveggja valgreina. Verkefnið skal vega 15 ECTS og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- fjalla um lögfræðilegt viðfangsefni eða viðfangsefni sem tekur til lögfræðilegra álitaefna auk álitaefna á öðrum fræðasviðum og sem tilefni er til að fjalla um á þeim tíma sem ritgerðin er skrifuð
- fela í sér fræðilega notkun frumheimilda og afleiddra heimilda eftir því sem viðfangsefni ritgerðarinnar gefur tilefni til
- uppfylla þau markmið sem nemandinn hefur sett sér áður en vinnan hófst og leiðbeinandi hefur fallist á. Markmiðin skulu koma skýrt fram í inngangi ritgerðarinnar
- efnistökin skulu vera með þeim hætti að ljóst sé að ekki liggi færri en 375-450 vinnustundir að baki ritgerðinni. • Lengd ritgerðarinnar skal vera á bilinu 12.500-15.000 orð.

Lærdómsviðmið: Að ritgerðaskrifum loknum er miðað við að nemendur

-Þekking:

- hafi þekkingu á kenningum og hugtökum lögfræðinnar og nýti þau í rannsókninni.
- geti dregið saman stöðu þekkingar og færni um afmarkaða spurningu.
- geti aflað sér upplýsinga um tiltekið lögfræðilegt efni, metið þær og borið saman.
- hafi vald á lögfræðilegu tungutaki.

-Leikni:

- geti dregið ályktanir af þeim heimildum sem fyrir liggja um ákveðið efni og sett þær í samhengi við stöðu þekkingar og færni á sviðinu.
- geti rökstutt niðurstöður sínar.
- hafi tileinkað sér víðsýni í nálgun sinni á viðfangsefnið

-Hæfni:

- geti unnið sjálfstæða rannsókn á afmörkuðu lögfræðilegu viðfangsefni.
- geti kynnt niðurstöður slíkrar rannsóknar í skýru mæltu og rituðu máli.

Námsmat: Kynning á ritgerðarefni í byrjun apríl (skyldumæting á kynningu). Ritgerð 100%.

Deildarforseti skipar prófdómara og skulu leiðbeinandi og prófdómari sameiginlega leggja mat á ritgerð nemanda. Séu leiðbeinendur fleiri en einn, leggja þeir sameiginlega mat á ritgerðina og er þá ekki þörf á prófdómara. Einkunn skal gefin fyrir ritgerðina með sama hætti og fyrir námskeið við lagadeild.

Heimildaskráningarstaðallinn OSCOLA

Lagadeild Háskólans í Reykjavík leggur mikla áherslu á vönduð akademísk vinnubrögð. Við deildina var því tekinn upp heimildaskráningarstaðallinn, „Oxford Standard for the Citation of Legal Authorities” (OSCOLA) sem nemendur skulu fylgja í verkefnavinnu. Staðallinn var aðlagður almennt að íslenskum rithætti auk þess sem sérstakar reglur gilda um íslenskar frumheimildir. Til hægindaauka var saminn flýtykil fyrir íslenska aðlögun OSCOLA, en þar eru helstu reglur og dæmi gefin upp. Nánari upplýsingar og öll viðeigandi gögn er að finna á vefsíðu bókasafns og upplýsingaþjónustu HR, <http://www.ru.is/oscola>.

Staðallinn eiga nemendur að nota í BA og ML ritgerðum, öllum heimildaritgerðum og annarri sambærilegri verkefnavinnu s.s. álitserðum og svörum við raunhæfum verkefnum. Þegar skila á raunhæfu verkefni í formi dóms, úrskurðar eða þess háttar gildir það þó ekki.

OSCOLA er hægt að nota með rafrænum heimildaskráningarforritum. Mælt er með að nota Zotero en upplýsingar um það er að finna á vefsíðunni <http://www.ru.is/zotero/>.

Skemman

Nemendur skila rafrænu eintaki háskólans í Skemmuna – www.skemman.is. Leiðbeiningar við skil í Skemmuna er að finna á www.ru.is/skemman Staðfesting á rafrænum skilum sem nemendur fá senda í tölvupósti frá Skemmunni þarf að fylgja prentuðum eintökum. Höfundur hefur þó rétt til að loka tímabundið fyrir aðgang að því á bókasafni og í Skemmunni ef það hefur að geyma trúnaðarupplýsingar.

Turnitin

Nemendum ber að hlaða ritgerð sinni upp í ritstuldarvörnina Turnitin og skila kvittun um upphleðslu með prentuðum eintökum ritgerðar.

Mögulegt er að hlaða verkefnum upp í Turnitin oftast en einu sinni og fá samanburðarskýrslu í hvert sinn. Eftir fyrstu upphleðslu getur tekið allt að 24 tímum að fá samanburðarskýrslu (þ.e. með upphleðslu nr. 2 eða seinni upphleðslur).

Stjórnskipulag lagadeildar Háskólans í Reykjavík

Forseti lagadeildar

Forseti lagadeildar fer með faglega stjórn deildar, rekstrar- og fjárhagslega ábyrgð gagnvart rektor, frumkvæði að mótun stefnu fyrir deildina og endanlegt ákvörðunarvald í málum sem snerta réttindi og skyldur nemenda í samræmi við grein 2.5.1. í skipulags- og starfsreglum fyrir Háskólann í Reykjavík.

Forseti lagadeildar ber ábyrgð á stjórnskipulagi deildar samkvæmt stefnu skólans og skal tryggja þátt akademískra starfsmanna í stjórnun hennar, sbr. sömu grein.

Forseti lagadeildar ræður fasta kennara deildarinnar eftir að hafa leitað álits formanna náms- og rannsóknarráðs og eftir atvikum kennara á viðkomandi fagsviði. Hann ræður einnig stundakennara eftir að hafa leitað álits formanns námsráðs og eftir atvikum kennara á viðkomandi fagsviði.

Að því leyti sem stjórnskipulag og reglur lagadeildar kveða á um að deildarfundur, námsráð, rannsóknarráð eða inntökunefnd skuli taka ákvarðanir hefur forseti lagadeildar framselt þeim ákvörðunarvald sitt.

Deildarfundur

Deildarfundur lagadeildar er vettvangur fyrir umræðu og ákvarðanir um fagleg málefni deildarinnar, s.s. stefnu í kennslumálum og rannsóknum, inntak og skipulag náms og námspróun, námsmat, kennsluáðferðir, rannsóknir og gæðamál. Deildarfundur skipar í fagråd, nefndir og stjórnir stofnana deildarinnar. Þá hefur deildarfundur ákvörðunarvald í tilteknum málum samkvæmt reglum lagadeildar um BA-, ML- og doktorsnám. Deildarfundur, eins og hann er skilgreindur í stjórnskipulagi þessu, fer með þau hlutverk sem deildarráði eru ætluð í skipulags- og starfsreglum HR, sbr. gr. 2.5.2 í þeim reglum.

Rétt til setu á deildarfundi og atkvæðisrétt eiga, auk forseta deildar, akademískir starfsmenn deildarinnar, þ.e.a.s. prófessorar, dósentar, lektorar, sérfræðingar og aðjúnktar sem hafa alla þætti akademísks starfs með höndum. Starfsmenn skrifstofu lagadeildar og formaður eða fulltrúi stjórnar Lögréttu, félags nemenda við deildina, eiga rétt til setu á deildarfundi og hafa málfrelsi og tillögurétt.

Deildarfundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði á hverri önn og oftast ef þörf krefur. Fundir eru boðaðir með tölvupósti með a.m.k. tveggja virkra daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði og skulu fundarboði fylgja nauðsynleg gögn sem til umræðu verða á fundinum. Fundargerðir skulu bókaðar og lagðar fyrir næsta deildarfund til staðfestingar. Forseti lagadeildar er fundarstjóri deildarfundar. Skrifstofustjóri lagadeildar er ritari deildarfundar. Deildarfundur er ákvörðunarber ef hann sitja eigi færri en helmingur akademískra starfsmanna við deildina auk forseta deildar. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði forseta deildar.

Fagráð

Fagráð lagadeildar eru námsráð og rannsóknarráð.

Námsráð

Deildarfundur skipar þrjá akademíska starfsmenn deildarinnar til setu í námsráði til tveggja ára í senn. Forseti lagadeildar gerir tillögu til deildarfundar um formann námsráðs. Að öðru leyti skiptir námsráð með sér störfum og getur sett sér starfsreglur sem mæla nánar fyrir um framkvæmd verkefna ráðsins. Samþykki meirihluta námsráðs þarf fyrir ákvörðunum ráðsins.

Hlutverk námsráðs er að vinna ásamt forseta lagadeildar (gildir ekki um k- og l-liði) að þróun BA- og ML náms, þar á meðal skipulagi þess og gæðum, tilhögun kennslu, kennsluhátta og námsmats og gera tillögur til lagadeildar um framangreint eftir því sem þörf krefur. Í því felst m.a.:

- a) Að vinna að og endurskoða reglur deildarinnar um BA- og ML nám, stefnu um nám og kennslu og viðmið um kennsluhætti.
- b) Að vinna að framkvæmd stefnu deildarinnar um nám og kennslu, lærdómsviðmiða og meginreglna um nám og kennslu.
- c) Að vinna að þróun kennslumats og annarra mælikvarða á kennslu.
- d) Að skipuleggja endurmenntun og þjálfun kennara í kennslufræðum.
- e) Að vinna að uppbyggingu og þróun nýrra námsbrauta og/eða námsleiða við deildina.
- f) Að vinna að úttektum um gæðamál.
- g) Að gera tillögur um nám og kennslu í BA- og ML námi að höfðu samráði við starfsmenn lagadeildar og stjórn Lögréttu þar með talið um framboð á kjörgreinum og málstofum í meistaranámi.
- h) Að gera tillögur um, að höfðu samráði við starfsmenn lagadeildar og stjórn Lögréttu, hvaða valgreinar ML náms standi til boða á 6. önn BA náms.
- i) Að veita umsagnir og álit varðandi erindi frá forseta deildar.
- j) Að hafa frumkvæði að samningsgerð við stofnanir og fyrirtæki um starfsnám í ML námi.
- k) Að taka afstöðu til umsókna um skiptinám og starfsnám í ML námi. Ákvarðanir námsráðs samkvæmt þessum lið eru kæránlegar til forseta lagadeildar.
- l) Að taka afstöðu til óska BA- og ML nemenda um mat á eldra námi og taka ákvarðanir um framvindu náms og námshlé einstakra nemenda samkvæmt reglum um BA- og ML nám. Ákvarðanir námsráðs samkvæmt þessum lið eru kæránlegar til forseta lagadeildar.
- m) Að vinna að samræmingu námskeiða í BA- og ML námi í samráði við kennara á fagsviðum deildarinnar, s.s á sviði opinbers réttar, einkaréttar og alþjóðlegs réttar.
- n) Að vinna með námsráði HR.

Formaður námsráðs boðar til fundar þess. Skrifstofustjóri boðar þó og situr fundi þar sem erindi samkvæmt k- og l-liðum eru til afgreiðslu. Formaður námsráðs vinnur að málum sem snerta nám og kennslu á milli fundar námsráðs með forseta- og skrifstofustjóra lagadeildar eftir því sem við á.

Rannsóknarráð

Deildarfundur skipar þrjá akademíska starfsmenn deildarinnar til setu í rannsóknarráði til tveggja ára í senn. Forseti lagadeildar gerir tillögu til deildarfundar um formann rannsóknarráðs. Að öðru leyti skiptir rannsóknarráð með sér störfum og getur sett sér starfsreglur sem mæla nánar fyrir um framkvæmd verkefna rannsóknarráðs.

Hlutverk rannsóknarráðs er að vinna ásamt forseta lagadeildar að eflingu rannsókna innan lagadeildar Háskólans í Reykjavík í innlendu og alþjóðlegu samhengi. Í því felst m.a.:

- a) Að móta stefnu í rannsóknum innan deildarinnar. Stefnumótun skal unnin í samráði við starfsmenn lagadeildar. Stefna skal mótuð til tveggja ára í senn. Stefnan skal lögð fram og kynnt af rannsóknarráði fyrir deildarfundi einu sinni á ári en á þeim fundi skal jafnframt farið yfir árangur síðastliðins árs.
- b) Að stuðla að rannsóknarsamstarfi við innlenda og erlenda aðila, í samráði við starfsmenn lagadeildar.
- c) Að halda utan um mat á rannsóknarstarfi innan deildarinnar og bregðast við niðurstöðum þess.
- d) Að móta stefnu varðandi rannsóknarsamstarf milli kennara og nemenda.
- e) Að vinna að kynningu á rannsóknarstarfi við deildina.
- f) Að fara með málefni doktorsnáms í samræmi við námslýsingu doktorsnáms við lagadeild Háskólans í Reykjavík.
- g) Að vinna með rannsóknarráði HR.

Inntökunefnd

Forseti lagadeildar, fulltrúi námsráðs, og skrifstofustjóri lagadeildar eiga sæti í inntökunefnd lagadeildar. Hlutverk nefndarinnar er að ákveða hverjir úr hópi umsækjenda fá inngöngu í BA- og ML nám. Ákvarðanir inntökunefndar um inngöngu í BA- og ML nám eru endanlegar.

Stofnanir

Um rannsóknarmiðstöðvar og stofnanir gilda reglur HR um stofnanir.

Upplýsingar og samráð

Framangreint skipulag miðar að því að starfsemi lagadeildar sé skilvirk og gegnsæ auk þess að tryggja eðlilega aðkomu akademískra starfsmanna og nemenda að stjórnun hennar.

Lagadeild leggur mikla áherslu á upplýsingaflæði milli stjórnenda, kennara og nemenda. Leitast er við að viðhalda óformlegum skoðanaskiptum milli starfsmanna og nemenda.

Forseti lagadeildar heldur á hverri önn samráðsfundi með stjórn Lögréttu, félags nemenda við lagadeildina. Hver nemendaárgangur skipar sérstakan trúnaðarmann í upphafi hvers skólaárs sem er ætlað að koma óskum og sjónarmiðum nemenda á framfæri við stjórnendur deildarinnar. Forseti deildar fundar með þeim eftir óskum.

Reglur Háskólans í Reykjavík

Reglur þessar standa til fyllingar reglum HR

Þannig samþykkt á deildarfundum lagadeildar 7. nóvember 2014.

Fagráð lagadeildar:

Námsráð	Rannsóknarráð
Póra Hallgrímsdóttir formaður	Eiríkur Elís Þorláksson formaður
Heimir Örn Herbertsson	Bjarni Már Magnússon
Margrét Einarsdóttir	Haldóra Þorsteinsdóttir

Reglur um BA-nám við lagadeild Háskólans í Reykjavík (HR)

1. gr. Prófgráður

Lagadeild Háskólans í Reykjavík (lagadeild) veitir bakkalárpróf í lögfræði að loknu 180 ECTS eininga grunnnámi við deildina með fullnægjandi árangri. Þá veitir lagadeildin bakkalárpróf í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein að loknu 120 ECTS eininga grunnnámi við deildina og 60 ECTS eininga grunnnámi við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík. Profgráðurnar staðfesta hæfni til að starfa á sviði lögfræði, til að gegna störfum þar sem krafist er háskólaprófs og til að hefja nám á meistarastigi í lögfræði eða öðrum greinum eftir atvikum.

2. gr. Inntökuskilyrði

Umsækjandi um grunnám við lagadeild Háskólans í Reykjavík skal hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi samanber 19. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla. Í undantekningartilvikum er heimilt að innrita nemendur sem að mati inntökunefndar lagadeildar búa yfir jafngildum þroska og þekkingu og þeir nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi eða jafngildu prófi.

Við val á umsækjanda er einkunn á stúdentsprófi eða jafngildu prófi höfð til hliðsjónar. Sérstaklega er litið til einkunnna í íslensku, ensku, norrænu tungumáli og stærðfræði. Annars konar þekking og reynsla, svo sem úr atvinnulífinu, þátttaka í félagsstörfum, íþróttum, tónlistarnámi og öðru sem talið er að reynst geti umsækjanda vel í námi, getur einnig haft áhrif á mat á umsóknum. Umsækjendur skulu gera grein fyrir þeim atriðum sem þeir telja geta orðið umsókn sinni til framdráttar í sérstakri greinargerð sem er hluti umsóknar.

Umsækjandi sem hyggst stunda nám í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein þarf auk framangreinds að uppfylla inntökuskilyrði í viðskiptadeild.

Umsækjandi getur óskað eftir viðtali við fulltrúa deildarinnar óski hann eftir að kynna sig, leita upplýsinga og leggja fram viðbótargögn.

Forseti lagadeildar ákveður, að höfðu samráði við rektor, fjölda þeirra nemenda sem fá inngöngu í grunnám.

Inntökunefnd lagadeildar tekur ákvörðun um hvaða nemendur fá inngöngu í deildina.

Grunnám hefst að jafnaði að hausti. Forseti lagadeildar getur þó ákveðið, að höfðu samráði við rektor, að taka við umsóknum um nám í lagadeild á vorönn. Forseta deildar er heimilt að ákveða strangari skilyrði fyrir inntöku nemenda á vorönn.

3. gr.

Inntak námsins og námsþættir

Námskeið (kjarnagreinar og valgreinar) til bakkalárprófs í lögfræði eru eftirfarandi:

Námsár/önn nr.	Námskeið	Fjöldi ECTS eininga
1. ár haustönn/1. önn	Aðferðafræði I- Réttarheimildir og lögskýringar.	8
	Fjármunaréttur I (Samningaréttur og inngangur að skaðabótarétti og almennum hluta kröfuréttar)	8
	Stjórnskipunarréttur	8
	Raunhæft verkefni	6 = 30
1. ár vorönn/2. önn	Félagaréttur	8
	Fjármunaréttur II (Kröfuréttur síðari hluti)	8
	Stjórnsýsluréttur	8
2. ár haustönn/3. önn	Nýsköpun og stofnun fyrirtækja	6 = 30
	Einkamálaréttarfar	8
	Evrópuréttur	8
2. ár vorönn/4. önn	Fjármunaréttur III (Bótaréttur)	8
	Fjölskyldu- og erfðaréttur	6 = 30
	Fjármunaréttur IV (Eignaréttur)	8
	Refsiréttur	8
3. ár haustönn/5. önn	Samkeppnisréttur	8
	Fjármunaréttur V – Raunhæft málflytningaverkefni	6 = 30
	Skattaréttur	8
	Viðskipti með fjármálagerninga	8
3. ár vorönn/6. önn	Þjóðaréttur	8
	Hugverkaréttur	6 = 30
	Aðferðafræði II- lagakenningar	7.5

Sakamálaréttarfar	7.5
Samtals kjarnagreinar 165 ECTS	
BA-ritgerð og valgreinar. Nemendum gefst kostur á að velja tvær kjörgreinar úr meistaranámi við lagadeild. Einnig er nemendum heimilt að velja námsgreinar innan annarra deilda HR eða annarra háskóla, í stað ofangreindra valgreina.	Hver valgrein úr meistaranámi vegur að jafnaði 7.5 einingar. BA-ritgerð vegur 15 einingar.
Samtals kjarna- og valgreinar 180 ECTS	

BA-ritgerð getur komið í stað tveggja valgreina. Ritgerðin vegur 15 einingar. BA-ritgerð er sjálfstætt verkefni nemenda.

Lengd ritgerðarinnar skal vera á bilinu 12.500-15.000 orð. Forseti lagadeildar skipar prófdómara og skulu leiðbeinandi og prófdómari sameiginlega leggja mat á ritgerð nemanda. Séu leiðbeinendur fleiri en einn, leggja þeir sameiginlega mat á ritgerðina og er þá ekki þörf á prófdómara.

Um framangreint vísast nánar til leiðbeininga um BA ritgerðir og verklagsreglna lagadeildar um prófdómara.

BA-ritgerð skal skila á skrifstofu lagadeildar innan skilafrests. Nemanda er óheimilt að draga til baka ritgerð sem skilað hefur verið.

Nái nemandi ekki lágmarkseinkunn í BA-ritgerð getur hann valið milli þess að skrifa aðra 15 eininga ritgerð eða taka tvær valgreinar. Með annarri ritgerð er átt við að nemandi skrifi nýja ritgerð hjá öðrum leiðbeinanda. Nemandi getur óskað eftir sérstöku samþykki forseta lagadeildar fyrir ritgerðarefni sem gerir honum kleift að nýta fyrri vinnu við heimildaöflun. Í slíkum tilvikum þarf nemandi að gera sérstaklega grein fyrir nýrri/breyttri nálgun og/eða efnistöku. Við afgreiðslu slíkrar beiðni skal deildarforseti leita álits viðkomandi leiðbeinanda.

Skyldumæting er á námskeið um ritun ritgerða í upphafi annar og á kynningu á ritgerðarefni í byrjun apríl.

Nemandi sem stundar nám til bakkalárgráðu í lögfræði skal nemandi ljúka að lágmarki 165 einingum í lögfræðigreinum en nemanda er heimilt að ljúka allt að 15 einingum í öðrum greinum á háskólastigi, í stað valgreina á 3. námsári.

Námskeið til bakkalárprófs í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein eru eftirfarandi:

Námsár/önn nr.	Námskeið	Fjöldi ECTS eininga
1. ár haustönn/1. önn	Aðferðafræði I- Réttarheimildir og lögskýringar.	8
	Fjármunaréttur I (Samningaréttur og inngangur að skaðabótarétti og almennum hluta kröfuréttar)	8
	Stjórnskipunarréttur	8
	Raunhæft verkefni	6 = 30
1. ár vorönn/2. önn	Félagaréttur	8
	Fjármunaréttur II (Kröfuréttur síðari hluti)	8
	Stjórnsýsluréttur	8
	Nýsköpun og stofnun fyrirtækja	6 = 30
2. ár haustönn/3. önn	Einkamálaréttarfar	8
	Evrópuréttur	8
	Fjármunaréttur III (Bótaréttur)	8
	Fjölskyldu- og erfðaréttur	6 = 30
2. ár vorönn/4. önn	Fjármunaréttur IV (Eignaréttur)	8
	Refsiréttur	8
	Samkeppnisréttur	8
	Fjármunaréttur V – Raunhæft málflytningaverkefni	6 = 30
3. ár haustönn/5. önn	Fjármál fyrirtækja	6
	Hagnýt stærðfræði	6
	Reikningshald	6
	Þjóðhagfræði	6
	Alþjóðaviðskipti	6 = 30
3. ár vorönn/6. önn	Aðferðafræði II - lagakenningar	6
	Hagnýt tölfræði I	6
	Rekstrarhagfræði I	6
	Stjórnun	6
	Stefnumótun	6 = 30
Samtals kjarna- og valgreinar 180 ECTS		

Námskeið eru í umsjón fastra kennara laga- og viðskiptadeilda eftir ákvörðun forseta deildanna. Þó er heimilt að fela stundakennurum umsjón námskeiða ef aðstæður krefjast þess.

**4. gr.
Lærdómsviðmið**

Bakkalárpróf í lögfræði

Við lok bakkalárprófs í lögfræði skal nemandi hafa til að bera þekkingu, leikni og hæfni í samræmi við lærdómsviðmið BA náms. Við útskrift búi nemandi þannig yfir a) lögfræðilegri þekkingu, b) geti beitt aðferðum og verklagi lögfræðinnar og c) hagnýt þekkingu sína og leikni í starfi og/eða frekara námi.

Í því felst:

a) Þekking

Að nemandi:

Þekki og hafi almennan skilning á og innsæi í helstu kenningar og hugtök lögfræðinnar.

Þekki og skilji réttarheimildir og aðferðafræði lögfræðinnar.

Hafi yfirsýn yfir gildandi rétt á helstu sviðum lögfræðinnar.

Hafi ennfremur vitneskju um nýjustu þekkingu á völdu réttarsviði.

Þekki undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni: Viti hvar og hvernig á að leita upplýsinga og hvenær upplýsinga er þörf.

Hafi skilning á samfélagslegu hlutverki lögfræðinnar og tengslum hennar við önnur fræðasvið.

Hafi þekkingu á siðferðilegum forsendum lögfræðinnar.

b) Leikni

Að nemandi:

Geti beitt aðferðum lögfræðinnar og fræðilegri þekkingu á viðfangsefni fræðigreinarinnar.

Geti greint lögfræðileg álitæfni og leyst úr þeim með rökstuddum hætti.

Geti metið áreiðanleika upplýsinga og aðferða og valið á milli þeirra.

Öðlist þjálfun í því að nýta nauðsynlegar upplýsingar við úrlausn lögfræðilegra viðfangsefna

Hafi tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun og öguð og nákvæm vinnubrögð.

Geti beitt gagnrýnum fræðilegum vinnubrögðum og siðferðilegri dómgreind við úrlausn verkefna.

c) Hæfni

Að nemandi:

Hafi þekkingu og þjálfun til lögfræðistarfa og til þess að hefja ML nám.

Hafi tileinkað sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Geti sett sér markmið og fylgt verkáætlunum.

Geti tekið virkan þátt í samstarfi og leitt verkhópa.

Sé fær um að túlka og kynna lögfræðileg atriði og niðurstöður.

Geti aflað sér þekkingar, haldið henni við og aukið við hana.

Bakkalárpróf í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein

Við lok bakkalárprófs í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein skal nemandi hafa til að bera þekkingu, leikni og hæfni í samræmi við almenn lærdómsviðmið BA náms.

Við útskrift búi nemandi yfir a) lögfræðilegri þekkingu, b) getu til að beita aðferðum og verklagi lögfræðinnar c) hæfni til að hagnýta þekkingu sína og leikni í starfi og/eða frekara námi og d) skilningi á hlutverki nokkurra helstu undirstöðugreina innan viðskiptafræða, svo sem stærðfræði, tölfræði, reikningshaldi, hagfræði, stjórnun og markaðsfræði.

Í því felst:

a) Þekking:

Að nemandi:

Þekki og hafi almennan skilning á og innsæi í helstu kenningar og hugtök lögfræðinnar.

Þekki og skilji réttarheimildir og aðferðafræði lögfræðinnar.

Hafi yfirsýn yfir gildandi rétt á tilteknum sviðum lögfræðinnar og vitneskju um nýjustu þekkingu á þessum réttarsviðum.

Hafi skilning á samfélagslegu hlutverki lögfræðinnar, tengslum hennar við önnur fræðasvið og þekkingu á siðferðilegum forsendum lögfræðinnar.

Þekki hlutverk nokkurra helstu undirstöðugreina innan viðskiptafræða, svo sem stærðfræði, tölfræði, reikningshaldi, hagfræði, stjórnun og markaðsfræði.

Þekki nokkuð til þeirra aðferða sem beitt er við greiningu og úrvinnslu gagna í viðskiptafræði.

Þekkir í ákveðnum mæli þær vísindalegu nálganir og tæknilegu aðferðir sem notaðar eru í viðskiptafræði.

Þekki undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni: Viti hvar og hvernig á að leita upplýsinga og hvenær upplýsinga er þörf.

b) Leikni:

Að nemandi:

Hafi tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun og öguð og nákvæm vinnubrögð.

Geti beitt gagnrýnum fræðilegum vinnubrögðum og siðferðilegri dómgreind við úrlausn verkefna.

Geti beitt aðferðum lögfræðinnar og fræðilegri þekkingu á viðfangsefni fræðigreinarinnar.

Geti greint lögfræðileg álitaefni og leyst úr þeim með rökstuddum hætti.

Geti túlkað og rökstutt ákvarðanir á faglegum grunni með vísun í grunnatriði viðskiptafræða.

Nýti sér viðurkennd gagnasöfn og upplýsingalindir á sviði viðskiptafræða og lögfræði og metið áreiðanleika upplýsinga og aðferða og valið á milli þeirra.

c) Hæfni:

Að nemandi:

Hafi tileinkað sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Geti sett sér markmið og fylgt verkáætlunum.

Geti tekið virkan þátt í samstarfi og leitt verkhópa.

Geti aflað sér þekkingar, haldið henni við og aukið við hana. Hafi næga þekkingu og þjálfun til lögfræðistarfa og til þess að hefja ML nám og meistaranám á ákveðnum sviðum viðskiptafræða.

Sé fær um að túlka og kynna lögfræðileg atriði og niðurstöður.

Sé fær um að beita grunnatriðum fræðanna á kerfisbundinn hátt til að greina vandamál og finna skynsamlega lausn á ólíkum verkefnum

Geti skipulagt og stofnað eigin skipulagsheild, þróað viðskiptahugmyndir og byggt upp viðskiptaáætlun.

Geti dregið fram og greint stöðu efnahagsmála að ákveðnu marki.

Geti gagnrýnt og leyst viðfangsefni í rekstri og stjórnun skipulagsheilda að ákveðnu marki.

5. gr.**Nám og kennsla**

Eftirfarandi meginreglur gilda um nám og kennslu í BA námi við lagadeild:

- Skipulag námskeiða, kennslu og námsmats skal vera í samræmi við lærdómsviðmið prófgráða og námskeiða.
- Námið, kennslan og námsmatið er verkefnatengt.
- Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat og vandaða endurgjöf til nemenda.

- d) Kennsla fer fram í almennum kennslustundum, umræðu- eða verkefnatímum og í formi verkefna eftir ákvörðun umsjónarkennara hverju sinni.
- e) Námsefni og kennsla miðar að því að nemendur öðlist traustan fræðilegan grunn og fái markvissa þjálfun í beitingu hans. Áhersla er lögð á gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð.
- f) Þjálfun í úrlausn lögfræðilegra álitaefna er grundvallaratriði í kennslufræðilegri nálgun lagadeildar. Nemendur eiga að fá þjálfun í að beita lögfræðilegri aðferðafræði í tengslum við kennslu í öllum námskeiðum sem eru lögfræðigreinar án þess að það sé endilega hluti námsmats.
- g) Umsjónarkennarar námskeiða ákveða námsmat. Námsmat skal endurspegla þær áherslur sem lagðar eru í kennslu í einstökum námskeiðum.
- h) Úrlausn raunhæfra verkefna er hluti af námsmati í öllum þeim kjarnagreinum sem teljast lögfræðigreinar.
- i) Miðannar- og lokapróf mega að hámarki gilda 70% af heildarnámsmati í námskeiðum í lögfræði.
- j) Um nám og kennslu í valfögum á þriðja ári bakkalárnáms í lögfræði fer samkvæmt reglum um meistaranám við lagadeild.

Framangreindum meginreglum til fyllingar vísast til viðmiða lagadeildar um kennsluhætti sem aðgengileg eru á heimasíðu lagadeildar.

6. gr.

Kennslu- og vinnustundir

Að jafnaði standa 56 kennslustundir, verkefna- og umræðutímar að baki hverri 8 eininga kjarnagrein.

Að jafnaði standa 30-38 kennslustundir, verkefna- og umræðutímar að baki hverri 7,5 eininga valgrein á 6. önn.

Við það skal miðað að 25-30 vinnustundir (kennslustundir, verkefna- og umræðutímar, undirbúningur nema og verkefnavinna) standi að baki hverri einingu námskeiðs. Þannig standi t.d. 200-240 vinnustundir að baki 8 einingum. Efnistöð BA-ritgerða skulu vera með þeim hætti að ljóst sé að ekki liggi færri en 375-450 vinnustundir að baki ritgerðinni.

7. gr.

Námsráð

Hlutverk námsráðs er að vinna með forseta deildar að þróun BA- og ML náms, þar á meðal skipulagi þess og gæðum, tilhögun kennslu, kennsluhátta og námsmats samkvæmt stjórnskipulagi lagadeildar.

8. gr.

Námsmat og einkunnagjöf

Um námsmat og einkunnagjöf í BA námi fer samkvæmt reglum HR um próf og einkunnir. Lágmarkseinkunn í kjarnagreinum, valgreinum og BA ritgerð er því 5,0. Lágmarkseinkunn í aðferðafræði (námskeið L-101) er þó 6. Í greinum þar sem lokapróf, hvort sem það er munnlegt eða skriflegt, er hluti námsmats skulu aðrir námsþættir því aðeins metnir inn í lokaeinkunn, að nemandi hafi hlotið tilgreinda lágmarkseinkunn á lokaprófi enda vegi lokaprófið a.m.k. 20% af lokaeinkunn námskeiðsins. Nái nemandi ekki tilgreindri lágmarkseinkunn á lokaprófi getur hann ekki nýtt sér einkunnir sem hann hefur fengið fyrir aðra námsþætti, þótt hann endurtaki námskeiðið síðar.

9. gr.

Námsframvinda

Nemandi skal ljúka 30 einingum á önn eða 60 einingum á ári, miðað við eðlilega námsframvindu. Nemandi er heimilt að innritast á annað námsár, hafi hann lokið a.m.k. 48 einingum af námsefni fyrsta árs í lögfræði, með meðaleinkunn 6 eða hærri.

Til að hefja nám á þriðja ári námslínu þarf nemandi að hafa lokið a.m.k. 90 einingum, öllum námskeiðum fyrsta árs og a.m.k. 30 einingum á öðru námsári, með meðaleinkunn 6 eða hærri.¹

Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 90 einingum í síðasta lagi tveimur árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsári. Námskeið sem nemandi tekur úr aukagrein teljast ekki hluti af þessum 90 einingum nema nemandinn hafi uppfyllt skilyrði um 48 einingar að loknu fyrsta námsári. Nemandi skal hafa lokið bakkalárprófi í síðasta lagi fimm árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsári.

Námsráð getur veitt undanþágu frá almennum námsframvindureglum á grundvelli sérstakrar námsáætlunar búi nemandi við verulega skerta starfsgetu. Sérstök námsáætlun verður aðeins samþykkt ef gildar læknisfræðilegar ástæður og veigamikil rök eru fyrir hendi. Umsókn skal fylgja námsáætlun nemandi sem námsráð þarf að samþykkja og getur bundið sérstökum skilyrðum, m.a. um tilhögun náms og námsframvindu. Námsráð getur farið fram á að nemandi leggi fram sérfræðivottorð læknis eða önnur gögn sem þörf er á svo leggja megi mat á umsóknina. Umsókn þarf að berast lagadeild a.m.k. 8 vikum fyrir upphaf annar og undanþágan gildir aðeins frá þeim tíma sem hún er samþykkt.

1

Ákvæðið tók gildi 9. apríl 2014 og gildir aðeins um þá sem nýskráðir voru í nám á haustönn 2014 og síðar.

10. gr. Hámarksfjöldi eininga á önn

Eftir því sem við getur átt má heimila nemanda að skrá sig í eitt námskeið á önn umfram 30 einingar. Slík skráning skal fara fram í samráði við skrifstofu lagadeildar.

11. gr. Endurinnritun

Uppfylli nemandi ekki framangreind lágmarksskilyrði um námsframvindu, fellur réttur til frekara náms við deildina niður. Nemandi getur þó sótt um endurinnritun í deildina. Þar sem heimild til endurinnritunar felur í sér undantekningu frá lágmarksskilyrðum um námsframvindu eru þau skilyrði sett að námsferill nemanda beri með sér ótvíræða námsgetu eða ótvíræðar framfarir í námi og að meðaleinkunn sé 6 eða hærrí. Sé slík heimild veitt, heldur nemandi sem þess óskar þeim námskeiðum sem lokið hefur verið með einkunn 6 eða hærrí. Heimild til endurinnritunar verður aðeins veitt einu sinni á námstímanum.

12. gr. Endurtekning prófa

Nemendum er heimilt að sitja hvert námskeið tvisvar sinnum og þreyta þau próf sem í boði eru í bæði skiptin. Að sitja námskeið þýðir að nemandi hefur verið skráður í námskeið eftir að frestur um úrsögn er liðinn. Nemandi, sem uppfyllir ekki framangreindar kröfur og óskar eftir að halda áfram námi við deildina, ber að sækja um endurinnritun. Um forsendur og afleiðingar endurinnritunar fer skv. 11. gr. eftir því sem við á

13. gr. Námshlé

Nemandi getur sótt um til námsráðs að gera hlé á námi sínu. Beiðnin skal studd fullnægjandi gögnum er sýni að gildar ástæður séu fyrir beiðninni. Meðal ástæðna sem réttlætt geta námshlé eru barneignir og veikindi. Leyfi til námshlés má veita með skilyrðum. Hámarks lengd námshlés er 1 ár. Hámarksnámstími skv. reglum þessum framlengist sem námsleyfi nemur.

14. gr. Undanþágur

Hafi námsráð komist að þeirri niðurstöðu að undanþágur frá reglum um framvindu náms og námshlé samkvæmt 11. og 13. gr. reglna þessara eigi ekki við getur deildarfundur lagadeildar, ef ríkar ástæður eru til, veitt frekari undanþágur frá þeim reglum. Slík heimild verður aðeins veitt í algjörum undantekningartilvikum.

15. gr. Mat á fyrra námi

Nemandi sem óskar eftir að ljúka BA prófi frá lagadeild og óskar mats á fyrra námi þarf almennt að sækja um slíkt mat til námsráðs lagadeildar fyrir 15. júní vegna haustannar og 15. september vegna vorannar.

Um mat á fyrra námi fer skv. neðangreindu:

- a) Umsókn skal skilað á þar til gert eyðublað sem finna má á heimasíðu lagadeildar. Umsóknin skal vera skrifleg og studd fullnægjandi gögnum um það nám sem óskast metið þ.e. nákvæmri námslýsingu og staðfestu prófskírteini eða staðfestu afriti af einkunnum frá kennsluviði viðkomandi skóla.
- b) Eingöngu nám á háskólastigi kemur til álíta í þessum efnum.
- c) Námskeið sem nemandi hefur lokið meira en 9 árum áður en hann innritast til náms í lagadeild eru ekki metin til eininga. Einungis eru metin námskeið sem nemandi hefur lokið með einkunn 6 eða hærrí hvort sem um er að ræða námskeið sem tekin hafa verið innan lagadeildar HR, öðrum deildum HR eða frá öðrum háskólum.
- d) Heimilt er að meta fyrra nám til allt að 90 eininga ef um er að ræða samfellt nám sem námsráð metur sambærilegt við BA nám í lagadeild. Sé nám það sem óskað er eftir að verði metið ekki sambærilegt við BA nám í lagadeild má meta fyrra nám til allt að 15 eininga.
- e) Nemandi sem óskar mats á námskeiðum úr loknum námsgráðum á sviði lögfræði skal uppfylla skilyrði a) - c) liða hér að framan. Þá skal hann jafnframt uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - i. Einkunn skal vera 6 eða hærrí í öllum námskeiðum sem metin eru.
 - ii. Nemandi skal ljúka að lágmarki 90 einingum í lögfræði við lagadeild HR.
 - iii. Nemandi skal verja að lágmarki 50% af námstíma sínum við HR.
- f) Nemandi sem óskar mats á fyrri námskeiðum úr loknum námsgráðum á öðrum sviðum en lögfræði skal uppfylla skilyrði a) - c) liða hér að framan. Í slíkum tilvikum getur nemandi að hámarki fengið metin námskeið sem svara til 15 eininga í stað valgreina á 6. önn og að auki námskeið sem teljast sambærileg þeim skyldugreinum í BA námi sem ekki teljast til lögfræðigreina. Ef nemandi hefur lokið BSc gráðu í viðskiptafræði og hyggst ljúka BA námi í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein má þó meta þau námskeið í viðskiptafræði sem eru sambærileg þeim sem eru hluti af BA gráðu í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein, allt að 60 ECTS.

- g) Nemandi sem lokið hefur BSc gráðu í viðskiptafræði með lögfræði sem aukagrein frá Háskólanum í Reykjavík getur fengið metnar 120 ECTS einingar úr því námi upp í BA gráðu í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein. Vegna þess að um sömu námskeið er að ræða og í BA námi í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein má meta námskeið sem lokið er, óháð því hvort nemandi hefur náð einkunn 6.

Gögn sem þurfa að fylgja með umsókn um mat á fyrri námi:

- Umsóknin sjálf (prentuð út af netinu).
- Staðfest afrit af einkunnum frá viðkomandi háskóla.
- Námskeiðslýsingar frá viðkomandi háskóla (frá því ári sem námskeiðin voru tekin).

16. gr. Náms – og prófareglur

Lagadeild Háskólans í Reykjavík hefur gefið út reglur um prófgögn í lagadeild þar sem fram koma upplýsingar um hvaða gögn má hafa meðferðis í próf.

Meginreglan er sú að kennari námskeiðs ákveður hvort og hvaða gögn nemendum er heimilt að hafa með sér í próf. Reglurnar í heild sinni má sjá á heimasíðu lagadeildar.

Vísað er til náms- og námsmatsreglna HR varðandi önnur atriði en þær er að finna á heimasíðu HR.

17. gr. Heimildaskráningastaðallinn OSCOLA

Allar heimildaritgerðir og sambærileg verkefni s.s. álitserðir og svör við raunhæfum verkefnum skulu styðjast við heimildaskráningarstaðallinn „Oxford Standard for the Citation of Legal Authorities“ (OSCOLA). Gefnar hafa verið út reglur um íslenska aðlögun staðalsins en öll gögn varðandi staðalinn er að finna á heimasíðu bókasafns og upplýsingaþjónustu HR.

18. gr. Sumarnám

Lagadeild er heimilt að bjóða upp á sumarnám, á eigin vegum eða í samstarfi við aðra, sem geti skilað nemendum einingum til grunnnáms samkvæmt nánari ákvörðun forseta lagadeildar. Heimilt er að innheimta sérstök gjöld vegna náms samkvæmt þessari málsgrein.

19. gr. Skólagjöld

Háskólaráð ákveður skólagjöld í grunnnámi.

20. gr. Ákvarðanir og kæruleiðir

Að öðru leyti en því sem tekið er fram í reglum þessum fer forseti lagadeildar með endanlegt ákvörðunarvald um framkvæmd grunnnáms við lagadeild.

Samkvæmt stjórnskipulagi lagadeildar og reglum þessum tekur inntökunefnd ákvarðanir um inntöku í BA nám, sbr. 2. gr. reglnanna. Námsráð tekur ákvarðanir um mat á fyrri námi, sbr. 15. gr. reglna þessara. og ákvarðanir í sambandi við framvindu náms einstakra nemenda samkvæmt 11. og 13. gr. reglnanna.

Ákvarðanir námsráðs eru kærnanlegar til forseta deildar sem fer með endanlegt ákvörðunarvald.

Þar sem í reglum þessum er kveðið á um að lagadeild fari með ákvörðunarvald er átt við deildarfund.

Nemandi, sem hefur tæmt kæruleiðir innan skólans, getur sent mál sitt til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema, skv. 20. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla. Hlutverk áfrýjunarnefndarinnar skv. reglum nr. 1152/2006 að úrskurða í málum þar sem námsmenn í háskólum sem hlotið hafa staðfestingu menntamálaráðherra, telja brotið á rétti sínum varðandi: a) Framkvæmd prófa og námsmat, þ.m.t. fyrirlögn prófa, tilhögun einkunnagjafar, skipun prófdómara og birtingu einkunna. b) Mat á námsframvindu, þ.m.t. rétt til endurtektarprófs. c) Afgreiðslu umsókna um skólavist, þ.m.t. tilhögun mats á námi á milli skóla. d) Brottvikningu nemanda úr skóla og beitingu annarra agaviðurlaga. Áfrýjunarnefndin tekur ekki til umfjöllunar mál sem snerta faglegt mat kennara (t.d. próf).

21. gr. Reglur Háskólans í Reykjavík

Að öðru leyti en því sem fram kemur í reglum þessum gilda almennar reglur Háskólans í Reykjavík, þ.m.t. siðareglur HR, um grunnnám í lagadeild og eftir atvikum aðrar reglur lagadeildar.

Þannig samþykkt á deildarfundi lagadeildar 13. janúar 2012.

Breyting á deildarfundi lagadeildar 6.12.2012

Breyting á deildarfundi lagadeildar 18.6.2013

Breyting á deildarfundi lagadeildar 19.3.2014

Breyting á deildarfundi lagadeildar 9.4.2014

Breyting á deildarfundi lagadeildar 16.12.2014

